



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Ákvörðun nr. 11/2015

vegna kvörtunar Mílu um ljósleiðaralagningu Gagnaveitu Reykjavíkur í Ölfusi

#### I.

#### Erindið

Þann 2. apríl 2014, barst Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) kvörtun frá Mílu ehf. (hér eftir Míla) en umrædd kvörtun laut að gerð samnings Gagnaveitu Reykjavíkur (hér eftir GR) og sveitarfélagsins Ölfuss (hér eftir SÖ) um lagningu ljósleiðara og rekstur gagnaflutningskerfis. Þá var tiltekið að í tengslum við ofangreind áform hefði íbúum sveitarfélagsins verið send skuldbindandi yfirlýsing um notkun Ljósleiðarans auk þess sem annarri yfirlýsingu hefði verið dreift til sumarhúsa í sveitarfélaginu.

Í fyrrgreindu kvörtunarbréfi Mílu vísar félagið til fréttar, sem birtist á heimasíðu SÖ þann 5. febrúar 2014, ofangreindu til staðfestingar en þar hafi eftirfarandi m.a. komið fram um fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu uppbyggingar:

*„Ákveðið hefur verið, í samráði við Orkuveitu Reykjavíkur, að það fjármagn sem liggur í Uppgræðslusjóði Ölfuss verði innleyst og lagt í þetta verkefni. Með þessu móti mun 99% heimila í sveitarfélaginu eiga þess kost að tengjast ljósleiðara án þess að skattfé sveitarfélagsins verði að neinu leyti notað til verkefnisins.“*

Bendir Míla á að samkvæmt opinberum upplýsingum hafi umræddur uppgræðslusjóður verið stofnaður árið 2006 í tengslum við framkvæmdir Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði. Orkuveitan hafi skuldbundið sig til að leggja honum til 12,5 milljón króna árlega, í sex ár sem geri alls 75 milljónir. Tilgangur sjóðsins sé að efla uppgræðslu og endurheimt votlendis innan SÖ en samkvæmt framkvæmdaáætlun frá árinu 2010 hafi einkum átt að stöðva sandfok, efla gróður og jarðvegsverndarskógrækt í nágrenni Þorlákshafnar; og stöðva jarðvegsrof og endurheimta gróður á um 700 ha landssvæði milli Hengils og Lyklafells. Stofnun sjóðsins hafi þannig verið hluti af samkomulagi frá árinu 2006 um ýmis mál er tengdust virkjun á Hellisheiði. Bendir Míla á að umrætt samkomulag sé í ellefu liðum og taki á þeim þáttum sem snerti uppbyggingu á svæðinu á næstu árum, m.a. uppgræðsluverkefninu. Tiltekur Míla að nú hafi hinsvegar verið ákveðið að nýta fjármagn þetta, sem stafi af sérleyfisstarfssemi OR, þ.e. virkjunarframkvæmdum á Hellisheiði og dreifingu rafmagns, til að fjármagna uppbyggingu á ljósleiðaraneti dótturfélagsins GR í SÖ.

### Kröfugerð Mílu:

Er þess krafist af hálfu Mílu að PFS taki í fyrsta lagi bindandi stjórnvaldsákvörðun þar sem kveðið verði á um ólögmæti samningsskilmála þá sem séu að finna í „*Skuldbindandi yfirlýsingu um notkun Ljósleiðarans*“ og þeir bannaðir en þar komi fram það skilyrði að íbúar kaupi fjarskiptaþjónustu um Ljósleiðarann, gagnaflutningskerfi GR í að lágmarki 24 mánuði. Til stuðnings þessari kröfu Mílu vísar félagið til 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 en þar er kveðið á um það að óheimilt sé í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði. Eftir þann tíma sé áskrifanda heimilt að segja upp samningi með eins mánaðar fyrirvara. Tiltekur Míla að einboðið sé að hin fyrrnefnda skuldbindandi yfirlýsing GR um notkun Ljósleiðarans brjóti gegn hinu ófrávíkjanlega ákvæði laganna. Þegar af þeirri ástæðu séu samningsskilmálarnir ólögmætir og því beri að banna þá. Telur Míla að um svo augljóst brot á 2. mgr. 37. gr. laganna sé að ræða að það sé með öllu óþarft að færa frekari málsástæður og lagarök fyrir þessum lið kröfugerðarinnar.

Í öðru lagi er þess krafist af hálfu Mílu að PFS taki bindandi stjórnvaldsákvörðun þar sem GR verði gert óheimilt að nýta fjármagn úr uppgræðslusjóðnum, sem stafar upphaflega frá móðurfélaginu OR, sem starfar m.a. í skjóli sérleyfis, í því skyni að byggja upp ljósleiðarateningar í sveitarfélaginu. Bendir Míla á að samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 36. gr. laganna skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Þá tiltekur Míla að PFS hafi á grundvelli 36. gr. laganna tekið fjölmargar stjórnvaldsákvörðanir þar sem þetta bann sé nánar útfært auk þess sem stofnunin hafi sett fyrirmæli um fjárhagslegan aðskilnað OR og GR. Fyrsta ákvörðunin hafi verið tekin þann 30. nóvember 2006 og síðan hafi þó nokkrar ákvörðanir fylgt í kjölfarið.

Telur Míla, með tilvísan til 36. gr. laganna og fyrrnefndra ákvörðana PFS það einsýnt og það fari gegn umræddu lagaákvæði, sem og fyrri ákvörðunum stofnunarinnar að OR setji fjármuni sem stafi frá einkaréttarluta starfsemi sinnar og tengjast virkjunarframkvæmdum á Helligsheiði og dreifingu rafmagns í sjóð, sem átta árum síðar er notaður til þess að niðurgreiða lagningu ljósleiðara í samkeppni við Mílu. Bendir Míla á að ef slíkt háttarlag fái að viðgangast óátalið væri hægur vandi að komast hjá skýrum lagafyrirmælum og fyrri ákvörðunum með því að staðsetja fjármuni félags, sem starfar í skjóli einkaréttar eða sérleyfa, í sjóð í eigu þriðja aðila, sem síðan séu nýttir til að niðurgreiða samkeppnisrekstur. Af þessari ástæðu telur Míla að PFS beri að lýsa háttsemi þessa ólögmæta og banna hana. Þá telur Míla það ekki stöðu fyrir OR/GR að bera því við að umræddir fjármunir séu nú undir eignarhaldi þriðja aðila, enda beri tilkynning af heimasíðu SÖ það með sér að ákvörðun SÖ um þessa nýtingu fjármunanna hafi verið tekin í samráði við OR, sbr. frásögn um samning um lagningu ljósleiðara, dags. 5. febrúar 2014.

## **II.**

### **Málavextir og bréfaskipti**

#### *2.1*

#### *Bréf PFS til SÖ og GR*

Þann 10. apríl 2014, sendi PFS afrit af umræddri kvörtun Mílu til SÖ og GR. Var þeim gefinn kostur á því að tjá sig um framkomna kvörtun og koma með athugasemdir og frekari skýringar en svarfrestur var veittur til og með 25. apríl 2014.

## 2.2

### Bréf SÖ til PFS

Þann 23. apríl 2014 barst PFS svarbréf frá SÖ vegna kvörtunar Mílu. Kom fram af hálfu sveitarfélagsins að umrædda kvörtun væri ekki hægt að skilja á þann hátt að tilurð verkefnisins og sammingsins milli SÖ og GR sé ástæða til umkvörtunar heldur séu það hinir tæknilegu þættir við útfærslu og fjármögnun verkefnisins sem horft sé til og kvartað yfir.

SÖ tiltekur að Míla fari fram á það í kvörtun sinni að PFS taki bindandi stjórnvaldsákvörðun þar sem GR verði gert óheimilt að nýta fjármagn úr uppgræðslusjóði Ölfuss, sem sé sagður stafa upphaflega frá móðurfélagi þess, OR. Bendir SÖ á að þessu til staðfestingar vísi Míla til heimasíðu SÖ. Af hálfu SÖ kemur fram að þess sé rétt getið af hálfu Mílu að hluti samkomulags milli SÖ og OR, dags. 28. apríl 2006, hafi kveðið á um að farið yrði í landgræðsluverkefni í sveitarfélaginu, og að OR greiddi 12,5 milljón kr. á ári í sex ár til verkefnisins. Í tengslum við þetta ákvæði hafi Uppgræðslusjóður Ölfuss (UÖ) verið stofnaður með samþykktum sem staðfestar voru af bæjarstjórn þann 25. október 2007, en í þeim, sem og síðari samþykktum sem staðfestar hafi verið, komi fram að sjóðurinn sé eign SÖ. Bendir SÖ á að samþykktum UÖ hafi verið breytt og nýjar staðfestar, annars vegar þann 22. maí 2008 og hins vegar 2. apríl 2014. Þá sé UÖ, í félagaréttarlegum skilningi, ekki sjóður heldur almennt félag, með þriggja manna stjórn, sem SÖ stofnaði í kringum tiltekið fjárframlag frá OR, sem alfarið hafi verið og sé í eigu SÖ. Tiltekur sveitarfélagið að UÖ hafi í raun ekki tilvist nema í þeim samþykktum sem um það gildi þar sem félagið hafi ekki kennitölu, hafi aldrei stofnað til skuldbindinga og eignir þess hafi ávallt verið færðar hjá SÖ. Þá hafi stjórn sjóðsins hvorki með formlegum hætti ákveðið að slíta UÖ né að ráðstafa eignum sem honum tilheyra til ljósleiðaraverkefnisins, jafnvel þó einhugur sé um það innan bæjarstjórnar að nýta það fjármagn sem tilheyrir honum til slíks framfaraverkefnis. Bendir SÖ á að í raun sé það svo að stjórn sjóðsins geti ákveðið að nýta viðkomandi fjármagn til hvers sem er, með staðfestingu bæjarstjórnar, en verkefni séu næg hjá sveitarfélaginu bæði tengd daglegum rekstri og fjárfestingum. Upplýsir SÖ um að útgjöld sveitarfélagsins árið 2013 hafi verið um 1,5 milljarður kr., og að fjárfest hafi verið fyrir 210 m. kr. Í þessu sambandi þá sé útgangspunkturinn sá að það fjármagn sem tilheyrir UÖ sé eign SÖ og að GR muni ekki nýta það fjármagn í umrætt verkefni, heldur sé það SÖ sem muni leggja verkefninu til fjármagn.

SÖ vísar til þess að áður en gengið hafi verið til samninga við GR um lagningu ljósleiðara og rekstur gagnaflutningskerfis í sveitarfélaginu hafi verið gengið úr skugga um það hvort einhverjir aðilar hygðust leggja ljósleiðara eða fara í aðrar fjárfestingar til að koma á háhraðatengingum í dreifbýli Ölfuss í nánustu framtíð eða á næstu þremur árum. Sveitarfélagið hafi birt auglýsingar þess efnis á heimasíðu sinni þann 4. október 2013 og í Fréttablaðinu þann 5. október 2013, þar sem m.a. hafi verið óskað eftir því að upplýsingar myndu berast til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 22. október. Niðurstaða þessa hafi verið sú að enginn ætlaði sér að fara í það að bæta fjarskiptasamband, þ.e. að koma á háhraðatengingum á svæðinu og því hafi verið ákveðið að ganga til samninga við GR um verkefnið.

Tiltekur SÖ að ekki sé hægt með nokkru móti að líta þannig á að OR hafi „geymt“ fjármuni hjá SÖ á árunum 2006-2012 til þess að niðurgreiða framkvæmd við lagningu ljósleiðara í dreifbýli Ölfuss árið 2014 eða líkt og fram komi í umræddri kvörtun Mílu „til að niðurgreiða samkeppnisrekstur“. Í fyrsta lagi þá hafi hugmyndafræðin við stofnun UÖ verið sú að nýta það fjármagn sem honum tilheyrði í landgræðsluverkefni en á sama tíma hafi legið ljóst fyrir að fjármagnið væri eign SÖ. Hugmyndafræði OR hafi ekki verið sú að þetta fjármagn yrði notað til að kosta lagningu ljósleiðara en OR hafi á hinn bóginn ekkert eignarhald á fjármagninu og ráðstöfun þess í höndum SÖ. Í öðru lagi bendir SÖ á að langt sé um liðið frá því fyrstu

samþykktir UÖ hafi verið staðfestar og greiðslur frá OR hafi farið að berast til SÖ. Þá hafi gríðarlegar forsendubreytingar orðið í íslensku samfélagi á þessum tíma og því ekki óeðlilegt að SÖ endurskoði á hvaða hátt eignum, þ.m.t. peningalegum, sé ráðstafað. Í þriðja lagi þá telur SÖ ákaflega hæpið að líta á lagningu ljósleiðara í dreifbýli Ölfuss sem samkeppnisrekstur. Því til sönnunar séu viðbrögð aðila starfandi á umræddum markaði við fyrrgreindri auglýsingu sveitarfélagsins. Þá telur SÖ að það ætti að vera óþarft að greina frekar þá afar slæmu fjarskiptaþjónustu sem íbúum dreifbýlis Ölfuss standi til boða í dag en til vitnis um það sé sú gríðarmikla þátttaka íbúa og fasteignaeigenda í þessu verkefni og það jafnvel þó þessum aðilum sé það ljóst að skrifað sé upp á skuldbindandi yfirlýsingu til tveggja ára.

Þá bendir SÖ á að í samningnum á milli sveitarfélagsins og GR komi fram að gagnaflutningskerfi GR sé opið fjarskiptanet sem þjónustuveitur geti notað til að veita viðskiptavinum sínum þjónustu á borð við Internet,- síma- og sjónvarpsþjónustu. Öllum þjónustuveitum muni því bjóðast að veita þjónustu sína um gagnaflutningskerfið til heimila í SÖ, með sambærilegum hætti og annarsstaðar á þjónustusvæði GR. Bendir SÖ á í þessu sambandi að í 2. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sé kveðið á um að markmið laganna sé að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti í landinu. Hvaða varðar tilvísun Mílu til 2. mgr. 37. gr. laganna, um að óheimilt sé í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði, þá tiltekur SÖ að í sömu málsgrein segi jafnframt að ef áskrifandi ákveði að færa viðskipti sín til annars fjarskiptafyrirtækis skuli tryggja að þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig. Þá sé koparkerfi Mílu miklum takmörkunum háð og ekki samanburðarhæft við ljósleiðarakerfi og því sé ljóst að þjónustuflutningur úr dreifikerfi ljósleiðara yfir í koparflutningskerfi muni ekki á nokkurn hátt ganga greiðlega fyrir sig fyrir notandann auk þess sem aðgangur að ljósleiðara útiloki ekki aðgang að dreifikerfi Mílu. Telur SÖ því umrætt ákvæði í heild sinni því vart geta átt við um þann þjónustubátt sem hér um ræðir. Bendir SÖ á að kvörtun Mílu taki til ákveðinna þátta verkefnis sem snúi að dreifbýli Ölfuss þar sem hvorki ríki virk samkeppni né að í boði séu hagkvæm og örugg fjarskipti. Telur sveitarfélagið að það væri þversagnakennt að lögnum yrði beitt til að koma í veg fyrir bætt fjarskipti á svæðinu og eflingu virkrar samkeppni meðal þjónustuveitna og í ljósi framangreinds væri það sérkennileg niðurstaða ef PFS beitti sér fyrir því að koma í veg fyrir að af verkefninu yrði.

### 2.3

#### *Bréf GR til PFS*

Í svarbréfi GR, dagsett 30. apríl 2014, kemur fram sú krafa að kvörtun Mílu verði vísað frá. Þá kemur fram að þann 28. apríl 2006 hafi verið gert samkomulag á milli OR og SÖ um ýmiss málefni er tengst hafi virkjun á Hellisheiði en 9. gr. samkomulagsins fjalli um lagningu ljósleiðara í Ölfusi. Þar hafi eftirfarandi komið fram:

*„Á árinu 2008 hafi Orkuveita Reykjavíkur lokið lagningu ljósleiðara um þéttbýli í Þorlákshöfn og fyrir árið 2012 verði lagningu ljósleiðara lokið um aðgengilegan hluta dreifbýlis Ölfuss skv. nánari samkomulagi er liggja fyrir áramót 2006/2007.“*

GR tiltekur að við stofnun þess hafi félagið yfirtekið skuldbindingu OR skv. ofangreindri 9. gr. samkomulagsins og í janúar 2014, í kjölfar nokkurra ára samningaviðræðna, hafi GR og SÖ gert með sér samning byggðan á 9. gr. samkomulagsins frá 2006, um lagningu ljósleiðara og rekstur gagnaflutningskerfis í Ölfusi. Samkvæmt samningnum muni GR byggja upp og reka háhraða gagnaflutningskerfi, byggt á ljósleiðaratækni, bæði í þéttbýlinu í Þorlákshöfn sem og í dreifbýli sveitarfélagsins. Uppbygging á ljósleiðarakerfi GR í dreifbýlinu muni eiga sér stað gegn fjárframlagi sveitarfélagsins sem og því að lágmarksfjöldi heimila muni taka þátt í verkefninu. Bendir GR á að þátttaka heimila sé með þeim hætti að þau skuldbindi sig til greiðslu

hluta framkvæmdakostnaðar með því að taka Ljósleiðarann í notkun, þ.e. umræddar greiðslur muni eiga sér stað óháð notkun, en ganga upp í notkunargjöld komi til notkunar Ljósleiðarans. Verkefnið og kostnaðarþátttakan hafi verið kynnt íbúum dreifbýlis Ölfuss á íbúafundi á vegum sveitarfélagsins þann 10. mars 2014 þar sem sérstaklega hafi verið tekið fram að Ljósleiðari yrði aðeins lagður til þeirra heimila sem skuldbindi sig til umræddrar kostnaðarþátttöku. Þátttaka í verkefninu væri því valkvæð. Þá hafi verið upplýst um að í umræddri kostnaðarþátttöku íbúa fælist mánaðarleg greiðsla að fjárhæð 2.610 kr. (með vsk.) í 24 mánuði, eða samtals 62.640 kr. fyrir hvert heimili. Er umrædd fjárhæð því sem nemur mánaðarlegu aðgangsgjaldi Ljósleiðarans til tveggja ára. Þá hafi komið fram að þegar heimili taki Ljósleiðarann í notkun muni kostnaðarþátttaka íbúa ganga upp í greiðslur viðkomandi á aðgangsgjaldi Ljósleiðarans fram að því tímamarki er tvö ár væru liðin frá því að þjónustan stæði til boða.

#### *Binditími áskrifenda*

Hvað varðar ummæli Mílu um að yfirlýsing sú sem lögð var fyrir íbúa sveitarfélagsins brjóti í bága við 37. gr. laganna þá bendir GR á að ekki sé um samning að ræða í skilningi 37. gr. laganna heldur yfirlýsingu. Samningssamband milli GR og viðskiptavina komist í raun ekki á fyrir en viðkomandi viðskiptavinur kaupir þjónustu frá þjónustuveitu í gegnum Ljósleiðarann. Við það tímamark komist á samningur við GR og viðkomandi viðskiptavinur upplýstur um að hann hafi gengið til samninga við annars vegar þjónustuveitu og hins vegar GR. Þá sé viðkomandi jafnframt upplýstur um að skilmálar þjónustuveitu gildi um þá þjónustu er hún veiti um Ljósleiðarann en að skilmálar GR gildi um notkun á Ljósleiðaranum.

GR vísar til 4. kafla skilmála fyrirtækisins, sem birtir eru á heimasíðu félagsins, en þar er kveðið á um uppsagnir og segir í 1. mgr. kaflans að bæði GR og viðskiptavinur geti sagt upp notkun á Ljósleiðaranum. Þá komi fram í 2. mgr. að ef viðskiptavinur segi upp notkun á þeim tíma sem hann sé skuldbundinn til þess að greiða aðgangsgjöld þá taki uppsögnin gildi frá og með lokum sjötta mánaðar eftir að notkun Ljósleiðarans hófst. Í 3. mgr. sé svo mælt fyrir um að ef viðskiptavinur hættir við að taka Ljósleiðarann í notkun eftir að uppsetningu á búnaði er lokið þá beri viðkomandi að greiða til GR gjald sem jafngildi fimm mánaða notkun á Ljósleiðaranum.

Bendir GR á að skilmálar félagsins fyrir notkun heimila á Ljósleiðaranum séu að fullu í samræmi við 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga og feli ekki í sér að lagðar séu íþyngjandi kvaðir á viðskiptavini fyrirtækisins. Þá hafi heimili í dreifbýli Ölfuss sem tekið hafi ákvörðun um þátttöku í verkefninu og skuldbundið sig til kostnaðarþátttöku en kaupir ekki þjónustu um Ljósleiðarann þegar hún verði í boði, ekki skuldbundið sig til áskriftarþjónustu með þeim hætti sem 37. gr. fjalli um. Viðkomandi hafi engu að síður skuldbundið sig til fyrrgreindrar greiðslu vegna þátttökunnar, óháð notkun. Að sama skapi geti heimili, sem kaupir þjónustu um Ljósleiðarann til skemmri tíma en tuttugu og fjögurra mánaða hætt notkun Ljósleiðarans en hefur engu að síður skuldbundið sig til fyrrgreindrar greiðslu vegna þátttökunnar, óháð notkun. GR tiltekur að það geti tekið undir að yfirlýsingin sem um ræði sé e.t.v. ekki eins skýr og best væri á kosið m.t.t. þess að um skuldbindingu á kostnaðarþátttöku sé að ræða. Hins vegar verði að líta til þess að á fyrrgreindum íbúafundi hafi sérstaklega verið farið yfir þá þætti er tengst hafi því að taka Ljósleiðarann í notkun á grundvelli samnings SÖ og GR.

GR vísar að lokum til þess að ein af grundvallarreglum samningaréttarins sé meginreglan um samningafrelsi sem feli m.a. í sér rétt til að ákveða hvort gengið sé til samninga eður ei og á hvaða forsendum. Að mati GR fæst ekki annað séð en að íbúum dreifibýlisins Ölfuss sé heimilt að taka á sig framangreindar samningsskuldbindingar um þátttöku í kostnaði enda voru íbúar sérstaklega upplýstir um á hvaða forsendnum slíkt væri gert.

### *Niðurgreiðsla samkeppnisrekstrar*

GR bendir á að Míla haldi því fram í kvörtun sinni að OR sé að nýta fjármagn sem stafi frá sérleyfisstarfsemi fyrirtækisins, til að fjármagna uppbyggingu á ljósleiðaraneti GR í Ölfus, sem brjóti gegn 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga. GR vísar í þessu sambandi til minnisblaðs OR þar sem gerð sé grein fyrir því fé sem OR lagði í UÖ, en líkt og þar komi fram þá sé sjóðurinn í eigu SÖ og ráðstöfun sjóðsins alfarið á forræði sveitarfélagsins. Því sé ekki um fjármuni að ræða í eigu OR. Þessu til viðbótar þá telur GR að misskilnings virðist gæta um það af hálfu Mílu hvernig skiptingu á starfsemi OR var háttað fram til áramóta 2013/2014, í annars vegar einkaréttarlega starfsemi og hins vegar samkeppnisstarfsemi. Þannig teljist virkjunarframkvæmdir á Hellisheiði til samkeppnisstarfsemi OR en ekki einkaréttarlegrar starfsemi líkt og Míla haldi fram í erindi sínu og að engu leyti hafi verið farið gegn 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga.

### 2.4

#### *Bréf PFS til Mílu*

Þann 8. maí 2014, sendi PFS bréf til Mílu þar sem m.a. var að finna afrit af fyrrgreindum svarbréfum SÖ annars vegar og GR hins vegar. Þá kom fram að í erindi Mílu væri að finna, að mati stofnunarinnar, þrjú álitæfni sem leggja þyrfti mat á og taka til skoðunar af hálfu PFS. Var að finna boðaða afstöðu PFS til hvers og eins þessara álitæfna í umræddu bréfi stofnunarinnar til Mílu.

#### *Aðskilnaður sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi sbr. 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga*

Í bréfi PFS rakti stofnunin fyrrgreind ummæli Mílu um að fyrrgreindur samningur milli SÖ og GR fæli það í sér að OR hefði notað fjármuni sem stafi frá einkaréttarhluta starfsemi sinnar þ.e. virkjunarframkvæmdum á Hellisheiði og dreifingu rafmagns, til að fjármagna uppbyggingu á ljósleiðaraneti dótturfélagsins GR, í sveitarfélaginu Ölfusi, í samkeppni við Mílu. Benti PFS á að í svörum gagnaðila, SÖ og GR, hefði komið fram að það fjármagn sem OR veitti til sjóðsins á árunum 2006-2012 hefði ekki komið úr einkaleyfisstarfsemi OR heldur hafi það verið bókfært hjá OR sem tilfallandi kostnaður vegna Hellisheiðarvirkjunar, sem teljist til samkeppnishluta starfseminnar. Þá tiltók PFS að fram hefði komið að umræddur uppgræðslusjóður væri alfarið í eigu SÖ og forræði yfir fjármunum og ráðstöfun þeirra að sama skapi í höndum sveitastjórnar Ölfuss. Kom fram af hálfu PFS að miðað við framangreint og fyrirliggjandi gögn málsins fengi stofnunin ekki séð að OR né GR hefði nokkuð með umsýslu sjóðsins að gera. Tiltók stofnunin að hún fengi ekki séð að 1. mgr. 36. gr. laganna ætti við í þessu tilliti og hygðist því hafna kröfu Mílu um að fyrirhugaðar framkvæmdir SÖ og GR brytu gegn fyrrgreindu ákvæði laganna. Var Mílu gefinn kostur á því að tjá sig um þessa fyrirhuguðu ákvörðun PFS.

#### *Ólögmatir ríkisstyrkir*

Hvað varðaði sjónarmið Mílu um ólögmatá ríkisstyrki, þá benti PFS á að það væri ekki á forræði stofnunarinnar að skera úr um slíkan ágreining. Álitamál sem tengist því hvort fjárframlög teljist til ríkisstyrks eður ei, eða hvort forsendur og skilyrði séu uppfyllt s.s. tilkynningar (e. *notified aid*) til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og hvort að um lögmatan ríkisstyrk væri að ræða, bæri að leggja fyrir ríkistyrkjadeild ESA eða leita bæri til Fjármálaráðuneytisins sem væri hið leiðbeinandi stjórnvald í þessum efnum. PFS hefði engar valdheimildir lögum samkvæmt til þess að taka efnislega afstöðu til slíkra álitamála, þ.e. hvort réttilega hafi verið staðið að kynningu og undirbúningi framkvæmdarinnar og hvort hún uppfylli að öðru leyti forsendur fyrir lögmati ríkisstyrkja. Því hygðist stofnunin vísa frá kröfum og sjónarmiðum beggja máláðila hvað þetta varðaði. Var Mílu gefinn kostur á andmælum vegna þessarar fyrirhugaðrar ákvörðunar stofnunarinnar.

*Viðskiptaskilmálar sbr. 37. gr. fjarskiptalaga*

PFS vísaði til fyrrgreindra sjónarmiða GR, varðandi binditíma áskrifenda í skilningi 37. gr. laganna, þar sem fram kom að félagið teldi að í raun væri ekki um samning að ræða í skilningi ákvæðisins heldur yfirlýsingu. Sú skýring félagsins grundvallaðist á því að raunverulegt samningssamband kæmist ekki á fyrr en viðkomandi viðskiptavinur keypti þjónustu frá þjónustuveitu í gegnum Ljósleiðarann. Þá hafi GR bent á að þótt heimili í dreifbýli Ölfuss hafi skuldbundið sig til kostnaðarþátttöku þá fælist ekki í því skuldbinding um áskrift heldur eingöngu skuldbinding til fyrrgreindrar greiðslu vegna þátttökunnar, óháð notkun. GR tiltæki þó í svarbréfi sínu að sérstaklega hafi verið farið yfir þá þætti er tengdust því að taka ljósleiðarann í notkun á grundvelli samnings SÖ og GR á íbúafundi. Þá hefði ennfremur komið fram af hálfu GR að í samningarétti væri meginreglan samningafrelsi og í ljósi hennar væri íbúum dreifbýlis Ölfuss heimilt að taka á sig framangreindar samningsskuldbindingar um þátttöku í kostnaði.

Þá vísaði PFS til ummæla SÖ um að 2. mgr. 37. gr. laganna kvæði ekki eingöngu á um hámarksbinditíma heldur jafnframt að þjónustuflutningur skyldi ganga greiðlega fyrir sig ef viðskiptavinir ákveði að færa viðskipti sín til annars þjónustuveitenda. SÖ hafi í því sambandi bent á að koparkerfi Mílu væri miklum takmörkunum háð og ekki samanburðarhæft við ljósleiðarakerfi. Því væri ljóst að þjónustuflutningur úr dreifikerfi ljósleiðara yfir í koparflutningskerfi muni ekki ganga greiðlega fyrir sig fyrir notandann auk þess sem aðgangur að ljósleiðara útiloki ekki aðgang að dreifikerfi Mílu. Þá teldi SÖ það þversagnakennt að lögunum yrði beitt til að koma í veg fyrir bætt fjarskipti á svæðinu og eflingu virkrar samkeppni meðal þjónustuveitna líkt og markmið þeirra kveða á um sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra.

PFS tiltók að það væri skýrt kveðið á um viðskiptaskilmála fjarskiptafyrirtækja gagnvart áskrifendum fjarskiptaþjónustu á einstaklingsmarkaði í fjarskiptalögum. Þá væri ennfremur skýrt kveðið á um það í 2. mgr. ákvæðisins að óheimilt væri í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði. Þar komi ennfremur fram að eftir þann tíma sé áskrifanda heimilt að segja upp samningi með eins mánaðar fyrirvara. Taldi PFS því að um væri að ræða málefni sem stofnunin væri bær til þess að skera úr um. Var Mílu því gefinn kostur á að tjá sig um framkomin andsvör SÖ og GR er vörðuðu fyrrgreinda 37. gr. fjarskiptalaga.

Að lokum áréttaði PFS að það væri mat stofnunarinnar að sá hluti kvörtunarinnar er lyti að 1. mgr. 36. gr. laganna um aðskilnað sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi kæmi ekki til frekari skoðunar af hálfu PFS þar sem ákvæðið ætti ekki við í umræddu máli. Ítrekaði PFS ennfremur þá niðurstöðu að álitaeftni tengd ríkisstyrkjum heyrðu ekki undir verkahring PFS þar sem valdheimildir skorti og benti stofnunin Mílu á að leita atbeina Fjármálaráðuneytisins sem væri hið leiðbeinandi stjórnvald eða ESA. Þá var Mílu gefinn kostur á að tjá sig um framangreint og fyrrgreinda afstöðu PFS.

## 2.5

### *Bréf Mílu til PFS*

Þann 22. maí 2014. barst PFS bréf frá Mílu þar sem var að finna athugasemdir félagsins við bréf stofnunarinnar dags. 8. maí. Kom þar m.a. fram af hálfu Mílu að félagið gerði athugasemdir við að svo virtist sem að PFS hefði þegar gert upp hug sinn varðandi skort á valdheimildum á grundvelli 36. gr. og vísaði þar með til fyrrgreindrar umfjöllunar stofnunarinnar að því er varðar ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga. Taldi Míla þá umfjöllun PFS lýsa án nokkurra fyrirvara „mati“ og „niðurstöðu“ stofnunarinnar hvað þetta varðaði. Eðlilegt orðalag hefði verið að um frummat væri að ræða og að til álita kæmi að stofnunina skorti valdheimildir. Þá benti Míla á að við

Þessar kringumstæður hefði það á sér málamyndablæ að óska eftir athugasemdum við þegar gefna niðurstöðu sem væri augljóslega í andstöðu við andmælareglu 13. gr. stjórnsýslulaga.

Þá taldi Míla of þrönga nálgun að láta ráða úrslitum um valdheimildir á grundvelli 1. mgr. 36. gr. laganna hvar fjármagn sem OR hafi veitt til uppgræðslusjóðsins á árunum 2006-2012 hafi verið bókfært sem kostnaður hjá OR. Þegar lagt sé mat á valdheimildir PFS skv. 1. mgr. 36. gr. þá beri að líta til forsögu og tilurðar ákvæðisins og vilja löggjafans í þeim efnum. Þannig hafi ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað í fjarskiptastarfsemi fyrst komið í fjarskiptalög á árinu 1999, sbr. 31. gr. laga nr. 107/1999. Þar hafi komið fram í athugasemdum við umrædda 31. gr. að ákvæðið ætti sér hliðstæðu í 2. mgr. 14. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993 sem hljóðaði svo:

*„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi“*

Þá bendir Míla á að í nefndarálitni meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar hafi komið fram að 14. gr. yrði breytt í þeim tilgangi að styrkja samkeppni „*einkum þar sem yfirburðastaða er í skjóli ríkisvalds*“. Tiltekur Míla að ljóst sé að með ríkisvaldi sé ekki einungis átt við fyrirtæki í eigu ríkisins heldur einnig fyrirtæki sem starfi undir eignarhaldi sveitarfélaga, sbr. fjölmargar ákvarðanir Samkeppniseftirlits þar um. Að mati Mílu má ráða af framangreindu að bann 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga og bann 2. mgr. 14. gr. samkeppnilega gegn því að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi geti með engu móti sætt takmörkunum miðað við hvar niðurgreiðslan er bókfærð hjá því opinbera fyrirtæki sem á í hlut. Þá vísar Míla til 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga og tiltekur að ágreiningslaust ætti að vera að fyrirtækjasamstæða OR hafi notið einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum á því árabili sem mál þetta taki til. Þá sé starfsemin augljóslega vernduð með því einu að vera undir eignarhaldi sveitarfélaga. Einsýnt sé því með hliðsjón af forsögu ákvæðisins að það taki til atvika málsins og að PFS hafi fullar valdheimildir til þess að fjalla efnislega um málið.

Þá hafnar Míla þeim sjónarmiðum að félagaréttarleg staða uppgræðslusjóðsins geti ráðið úrslitum um valdheimildir PFS. Ákvörðun SÖ um nýtingu fjármunanna hafi verið tekin „*í samráði við OR*“. Þannig telur Míla að ef fallist yrði á lagatæknilegar athugasemdir sveitarfélagsins um félagaréttarlega stöðu væri PFS að opna greiða leið fyrir sniðgöngu á 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga. Með því yrði komið fordæmi fyrir því að unnt væri að veita fjármunum úr fyrirtækjasamstæðu sem nýtur einka- eða sérréttinda til verkefna sem eru alls ótengd fjarskiptum, en á síðari stigum að nýta fjármunina í þágu fjarskiptastarfsemi á samkeppnismarkaði.

Að lokum lýsir Míla sig sammála því mati PFS að stofnunin sé bær að skera úr ágreiningi sem lúti að 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga, en hvað varði efnislegan þátt málsins skuli bent á að orðalag yfirlýsinganna sem hafi fylgt upphaflegri kvörtun sé býsna skýrt þess efnis að hlutaðeigandi „*staðfestir...að ég muni kaupa fjarskiptaþjónustu um ljósleiðarann, gagnaflutningskerfi Gagnaveitu Reykjavíkur, hér eftir GR. Í þessu felst að ég muni kaupa þjónustu um ljósleiðarann í lágmarki 24 mánuði...*“. Telur Míla að brot gegn 2. mgr. 37. gr. laganna verði ekki öllu skýrara, en sem kunnugt sé þá sé skuldbinding til lengri tíma en sex mánaða ólögmæt. Því beri þegar af þessari ástæðu að fallast á kröfugerð Mílu hvað þennan lið varðar.



## 2.6

### *Bréf PFS til GR og SÖ*

Þann 28. maí 2014, sendi PFS afrit af bréfi Mílu til GR annars vegar og SÖ hins vegar auk þess sem stofnunin gerði grein fyrir afstöðu Mílu. Þá tiltók stofnunin að í erindi Mílu væri að finna þrjú álitaeefni sem leggja þyrfti mat á og taka til skoðunar af hálfu PFS og boðaði afstöðu stofnunarinnar gagnvart umræddum álitaeefnum líkt og PFS hafði þegar gert í bréfi sínu til Mílu dags. 8. maí, og þegar hefur verið gerð grein fyrir hér að framan.

PFS upplýsti GR og SÖ að lokum um að með tilliti til þeirra sjónarmiða sem rakin væru í bréfi stofnunarinnar væri það fyrirhugað mat PFS að álitaeefni tengd ríkisstyrkjum heyrðu ekki undir verkahring stofnunarinnar þar sem valdheimildir þess efnis skorti. Benti PFS á að leita skyldi atbeina fjármálaráðuneytisins sem væri hið leiðbeinandi stjórnvald í þessum málaflokki eða ESA. Vísaði PFS ennfremur til þess að miðað við fyrirbyggjandi gögn málsins þá fengi stofnunin ekki séð að OR eða GR hefði nokkuð með umsýslu sjóðsins að gera. PFS fengi því ekki séð að 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga ætti við í þessu tilliti og hygðist hafna kröfu Mílu um að fyrirhugaðar framkvæmdir SÖ og GR brytu gegn fyrrgreindu ákvæði laganna. Þá upplýsti PFS að sá hluti ágreiningsins er varði 2. mgr. 37. gr. laganna væri álitamál sem stofnunin væri bær til að skera úr um. Var GR og SÖ gefinn kostur á því að tjá sig um hina fyrirhuguðu afstöðu stofnunarinnar.

Að lokum óskaði PFS eftir frekari upplýsingum að því er varðar fyrirkomulag vegna uppgræðslusjóðsins en óskað var eftir afriti af samþykktum sjóðsins, upplýsingum um hverjir hafi verið skipaðir í stjórn sjóðsins frá upphafi til dagsins í dag og hverjir það séu sem skipa í stjórn sjóðsins, t.a.m. hvort það séu kjörnir fulltrúar í sveitastjórn eða á hendi bæjarstjóra.

## 2.7

### *Bréf GR til PFS*

Í svarbréfi GR til PFS, dags. 10. júní 2014, kom fram að þar sem uppgræðslusjóður Ölfuss sé í eigu SÖ þá yrði að beina kröfum um afhendingu upplýsinga vegna sjóðsins að SÖ en ekki GR. Þá ítrekaði félagið að það fé sem veitt var til UÖ, líkt og fram hafi komið í minnisblaði OR, hafi verið veitt úr samkeppnishluta starfsemi OR. Þá sé það óumdeilt að OR hafi farið að kröfum raforkulaga vegna þeirra þátta enda hafi Orkustofnun ekki gert athugasemdir við framkvæmd OR. Það eitt að OR hafi jafnframt starfað á grundvelli einkaleyfa á sama tíma og fyrirtækið hafi sinnt samkeppnisrekstri leiði ekki eitt og sér til þess að brotið sé í bága við lagakröfur með því að veita fé til samkeppnisrekstrar. Ef svo væri, væru ákvæði sem gerðu ráð fyrir að greint yrði á milli þess úr hvaða þáttum starfseminnar fé kæmi óþarfi, t.a.m. ákvæði á borð við 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga. Taldi GR með hliðsjón af framangreindu ekkert fram komið í málflutningi Mílu sem breyta ætti fyrirhugaðri afstöðu PFS hvað varðar 1. mgr. 36. gr. laganna sem ekki ætti við í því tilviki sem hér um ræði.

Hvað ríkistyrkjum viðkemur þá bendir GR á að félagið fái ekki séð af gögnum málsins að krafa hafi komið fram frá málshefjanda um úrskurð stofnunarinnar með tilliti til ríkisstyrkja. Þá hafi GR að auki ekki tekið afstöðu til slíkra krafna hafi þær komið fram í öðrum gögnum en þeim sem GR hafi undir höndum. Telur GR það því til þess fallið að valda misskilningi þegar stofnunin upplýsir að hún hyggist „vísa frá sjónarmiðum og kröfum beggja mál aðila hvað þetta varðar“ enda hafi engin krafa komið fram frá GR þess efnis. Því sé GR ókleift að taka afstöðu til þessa liðar þar eð GR hafi ekki séð málsástæður málshefjanda fyrir kröfum þar að lútandi.

Um kröfur vegna binditíma áskrifenda þá vísar GR til fyrra erindi síns þar sem málsástæður félagsins komu fram.

## 2.8

### *Bréf SÖ til PFS*

Í bréfi SÖ, dags. 6. júní 2014, vísar sveitarfélagið til fyrri athugasemda sinna og sjónarmiða er fram komu í bréfi til stofnunarinnar dags. 23. apríl 2014. Þá bendir SÖ á að þrátt fyrir að ekki fáiast séð að samþykktir UÖ hafi nokkuð með mál þetta að gera þá sé að finna meðfylgjandi samþykktir sem gerðar hafi verið fyrir sjóðinn frá upphafi. Þá tiltekur SÖ að rétt sé að taka það fram að á síðasta bæjarstjórnarfundum SÖ hafi sjóðurinn verið lagður niður með formlegum hætti með eftirfarandi bókun:

*„Fyrir fundinum liggja tillögur að slitum á uppgræðslusjóði Ölfuss auk samþykta um framtíðarfyrirkomulag við styrkveitingar til uppgræðsluverkefna í sveitarfélaginu Ölfusi og úthlutunarreglur.*

*Megininntak samþykktanna er samþykki bæjarstjórnar fyrir því að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum uppgræðslusjóðs Ölfuss. tilgangurinn var að efla uppgræðslu innan sveitarfélagsins Ölfuss.*

*Með tilvísun í 5. gr. samþykta fyrir uppgræðslusjóð Ölfuss, sem staðfestar voru af bæjarstjórn sveitarfélagsins Ölfuss þann 2. apríl 2014, ákveður bæjarstjórn að leggja niður uppgræðslusjóð Ölfuss og ráðstafa því fjármagni sem honum tilheyrði til annarra verkefna hjá sveitarfélaginu Ölfusi án skilyrða. Samþykktunum er að öðru leyti vísað til síðari umræðu hjá bæjarstjórn m.t.v. í 3. tl. 1. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.“*

Þá tiltekur SÖ að líkt og fram komi í bókun bæjarstjórnar þá sé fjármagni sjóðsins ráðstafað án skilyrða en jafnframt er fyrirhugað að veita fjármagni til uppgræðsluverkefna inn í framtíðina. Jafnvel þó að umræða hafi verið um það að nýta það fjármagn sem í sjóðnum var til ljósleiðaraverkefnis GR þá hafi formlega ákvörðun aldrei verið tekin um slíkt og það fjármagn sem lagt verði til þess verkefnis hafi aldrei verið skilyrt.

Upplýsir SÖ um að fyrsta stjórn uppgræðslusjóðsins hafi verið skipuð eftirfarandi aðilum: Gunnþór K. Guðfinnsson, umhverfisstjóri Ölfuss og Helga Ragna Pálsdóttir, bæði skipuð af SÖ. Kristinn H. Þorsteinsson frá Orkuveitu Reykjavíkur og skipaður af OR. Bendir SÖ á að Helga hafi setið alla tíð í stjórn sjóðsins. Ólafur E. Jóhannsson hafi tekið fljótlega sæti Kristins f.h. OR. Þá hafi Eggert Lárusson tekið sæti Ólafs og Belinda Eir Engilbertsdóttir hafi setið síðustu árin fyrir OR í sjóðnum. Sveinn Steinarsson, forseti bæjarstjórnar SÖ hafi tekið sæti Gunnþórs í sjóðnum síðustu ár hans. Síðasta stjórn sjóðsins hafi því verið skipuð af Sveini (SÖ), Helgu (SÖ) og Belindu (OR). Þá hafi verið haft að leiðarljósi að velja til setu í sjóðnum einstaklinga sem hafi haft þekkingu á uppgræðslu- og umhverfismálum en bæjarstjórn hafi skipað fulltrúa í sjóðinn fyrir hönd SÖ.

## 2.9

### *Bréf PFS til Mílu*

Þann 23. júní 2014, sendi stofnunin Mílu bréf þar sem félaginu var gerð grein fyrir athugasemdum SÖ og GR auk þess sem stofnunin upplýsti Mílu um að stofnunin hefði aflað sér frekari upplýsinga og skýringa um hlutverk, starf og skipan uppgræðslusjóðsins, þ.m.t. samþykktir hans. Enn fremur upplýsti PFS Mílu um að stofnunin hygðist taka formlega

ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, að teknu tilliti til athugasemda félagsins. Var svarfrestur veittur til og með 7. júlí s.l.

## 2.10

### *Bréf Mílu til PFS*

Í bréfi Mílu dags. 11. júlí s.l., kom fram að félagið hafnaði öllum sjónarmiðum sem fram hefðu komið í bréfum SÖ og GR auk þess sem félagið ítrekaði gerðar kröfur og fyrri sjónarmið. Benti Míla á að óþarft væri að rekja þau á ný en taldi þó ástæðu til þess að gera sérstaka athugasemd við umsögn SÖ þar sem eftirfarandi hafi komið fram varðandi nýtingu á fjármagni uppgræðslusjóðsins:

*„Jafnvel þótt umræða hafi verið um að nýta það fjármagn sem í sjóðnum var til ljósleiðaraverkefnis GR hefur formleg ákvörðun aldrei verið tekin um slíkt og það fjármagn sem til þess verkefnis verður lagt hefur aldrei verið skilyrt.“*

Telur Míla framangreinda fullyrðingu í hróplegu ósamræmi við áðurnefnda frétt sem hafi verið birt á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem eftirfarandi hafi komið orðrétt fram:

*„Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2014 var gert ráð fyrir þátttöku í þessu verkefni. Ákveðið hefur verið í samráði við Orkuveitu Reykjavíkur, að það fjármagn sem liggur í uppgræðslusjóði Ölfuss verði innleyst og lagt í þetta verkefni.“*

Bendir Míla á að röng eða villandi skýrslugjöf til eftirlitsaðila á borð við PFS hafi alla jafna afleiðingar. Að lokum áskilur félagið sér allan rétt, þ.m.t. þann rétt að bera hina fyrirhuguðu ákvörðun undir úrskurðanefnd fjarskipta- og póstmála eða dómstóla eftir því sem tilefni kunni að gefast til.

## 2.11

### *Tölvupóstur PFS til SÖ*

Þann 21. nóvember 2014 óskaði PFS með tölvupósti eftir nánari upplýsingum frá SÖ að því er varðaði eignarhald á hinu staðbundna neti. Taldi stofnunin sig ekki sjá svo skýrt af gögnum málsins hvort það væri í höndum sveitarfélagsins sjálfs eða GR, þótt vissulega kæmi fram að GR myndi byggja og reka netið. Þá óskaði PFS enn fremur eftir því með tölvupósti dags. 25. nóvember, að fá afrit af samningi sveitarfélagsins við GR vegna títtnefndra framkvæmda þar sem kveðið væri á um fyrirkomulag eignaraðildar ljósleiðarakerfisins.

Í svari SÖ dags. 25. nóvember kom fram að það væri skilningur þeirra, sem að meðfylgjandi samningi kæmu, að GR ætti ljósleiðarakerfið.

Í ljósi framangreinds svars SÖ upplýsti PFS sveitarfélagið um að stofnunin ynni að því að leysa úr kvörtun Mílu vegna umrædds samnings SÖ við GR en að mati PFS vantaði gögn og skýringar til þess að það væri mögulegt. Óskaði stofnunin því eftir eftirfarandi upplýsingum:

- *Afriti af bókun eða afgreiðslu uppgræðslusjóðs á því að ráðstafa fé sjóðsins til þessa verkefnis.*
- *Skýringu á því hvað sé átt við með tilvísun í samþykktum sjóðsins frá 2. apríl 2014 um að breytingarnar á samþykktunum hafi verið samþykktar af stjórn með tilvísun í 3. mgr. 4. gr. eldri samþykpta sjóðsins, en PFS sýnist að sama ákvæði sé að finna í reglunum frá 2. apríl. Hver var þá tilgangurinn að vísa í eldri samþykktir um sama atriði? Er átt*

við að fráfaraandi stjórn hafi einnig samþykkt þetta breytta hlutverk sjóðsins? Ef svo er, óskast jafnframt afrit af þeirri afgreiðslu stjórnar sjóðsins.

## 2.12

### Tölvupóstur SÖ til PFS

Þann 1. desember barst stofnuninni svar frá SÖ vegna fyrirspurnar PFS. Þar kom fram að það hefði verið síðasta stjórn uppgræðslusjóðs sem undirritaði nýjar samþykktir fyrir sjóðinn 2. apríl 2014. Þá var á það bent að í 5. gr. samþykktanna kæmi fram að bæjarstjórn geti ákveðið að leggja niður sjóðinn og ráðstafa fjármagni því sem væri í sjóðnum til annarra verkefna. Með því að vísa til eldri samþykktar þ.e. 3. mgr. 4. gr., væri einvörðungu verið að hnykkja á því að stjórn hafi verið heimilt að gera breytingar á samþykktum. Þá vísaði SÖ til bókunar bæjarstjórnar frá fundi dags. 23. maí 2014 þar sem uppgræðslusjóður hafi verið lagður niður en á sama tíma samþykktar nýjar samþykktir fyrir uppgræðslu- og skógræktarverkefni en þar hafi eftirfarandi komið fram:

*„Fyrir fundinum liggja tillögur að slitum á Uppgræðslusjóði Ölfuss auk samþykktar um framtíðarfyrirkomulag við styrkveitingar til uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi og úthlutunarreglur. Megin inntak samþykktanna er samþykki bæjarstjórnar fyrir því að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Tilgangurinn er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Með tilvísun í 5. gr. samþykktar fyrir Uppgræðslusjóð Ölfus, sem staðfestar voru af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 2. apríl 2014, ákveður bæjarstjórn að leggja niður Uppgræðslusjóð Ölfuss og ráðstafa því fjármagni sem honum tilheyrði til annarra verkefna hjá Sveitarfélaginu Ölfusi án skilyrða. Samþykktunum er að öðru leyti vísað til síðari umræðu hjá bæjarstjórn m.t.v. í 3. tl. 1. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.“*

Bendir SÖ á að síðari umræða hafi farið fram á fyrsta fundi nýrrar bæjarstjórnar þann 19. júní 2014 þar sem eftirfarandi hafi verið bókað:

*„Síðari umræða um samþykktir um framtíðarfyrirkomulag við styrkveitingar til uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi og úthlutunarreglur - áður tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar 23. maí 2014 þar sem Uppgræðslusjóður Ölfuss var formlega lagður niður. Megin inntak samþykktanna er samþykki bæjarstjórnar fyrir því að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Tilgangurinn er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Bæjarstjórn samþykkir samþykktirnar samhljóða.“*

SÖ tiltekur að það sé tvennt sem líta beri á í þessu sambandi. Í fyrsta lagi þá leysi bæjarstjórn sjóðinn upp án skilyrða og hvergi hafi komið fram í bókunum bæjarstjórnar að fjármagnið verði notað til ljósleiðaraverkefnisins. Í öðru lagi þá haldi SÖ áfram að styrkja uppgræðsluverkefni á sama grunni og áður var þrátt fyrir að uppgræðslusjóður sé lagður niður. Þá vísar SÖ almennt til fyrri svara sveitarfélagsins vegna málsins.

## 2.13

### Bréf PFS til GR

Þann 25. nóvember 2014 sendi stofnunin bréf til GR þar sem vísað var til fyrri samskipta stofnunarinnar vegna fyrrnefndrar kvörtunar Mílu um lagningu GR á ljósleiðara í sveitarfélaginu Ölfus. Vísaði PFS til þess að samkvæmt samningi SÖ og GR væri ljóst að

eignarhald kerfisins væri í höndum GR sbr. 1. gr. hans og benti í því sambandi á að á þeim tíma er samningurinn hefði verið gerður, þann 31. janúar 2014, þá hefðu verið í gildi samþykktir Uppgræðslusjóðs Ölfuss frá árinu 2008. Þar kæmi fram í 4. gr. að stjórn sjóðsins skuli skipuð þremur aðilum, einum aðila frá SÖ sem jafnframt skuli vera formaður, einum aðila frá OR og einum aðila sem OR og SÖ skuli koma sér saman um eftir nánara samkomulagi.

Í ljósi framangreinds óskaði PFS eftir því að GR tæki afstöðu til þess hvort að félagið teldi framangreint fyrirkomulag, um eignaraðild GR á ljósleiðaraneti því sem verið væri að leggja innan sveitarfélagsins sem og aðkoma fulltrúa OR í stjórn sjóðsins, um þá ráðstöfun, samræmast 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga, sem kveði á um fjarhagslegan aðskilnað og niðurgreiðslu samkeppnisrekstrar fyrirtækjasamstæðna. Þá óskaði PFS eftir rökstuðningi við framangreindri spurningu m.t.t. þess að það fjármagn sem lagt væri í verkefnið úr uppgæðslusjóði Ölfusar, hefði komið frá OR, móðurfélagi GR.

## 2.14

### *Bréf OR/GR til PFS*

PFS barst svarbréf þann 27. nóvember 2014 en þar kom fram að í ljósi þess að málið varðaði ekki síður OR en GR hefði sá síðarnefndi óskað eftir aðkomu OR að því að svara tilvísuðu erindi PFS. Svareð lýsi þannig afstöðu bæði OR og GR að því er varðar eignaraðild GR á ljósleiðarakerfi í Ölfusi.

#### *1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga*

OR vísaði til þess að af athugasemdum með frumvarpi því er varð að fjarskiptalögum segi að með ákvæði 1. mgr. 36. gr. laganna sé verið að leitast við að tryggja *að tekjur af starfsemi sem nýtur einkaréttar eða sérstakrar verndar verði ekki notaðar til að styrkja fjarskiptastarfsemi innan fyrirtækisins eða eftir atvikum fyrirtækjasamstæðunnar*. Ef svo væri gert væri samkeppnisaðstaða annarra fyrirtækja skert. Þá leggi ákvæðið blátt bann við því að nota fjármuni úr sérleyfisstarfsemi til að niðurgreiða samkeppnisrekstur. Ekki sé þó minnst á neinar hömlur hvað varðar það hvernig fjármunum úr þeim þætti fyrirtækis/samstæðu sem lýtur að samkeppnisstarfsemi sé varið og því verði ályktað að fyrirtækjum/samstæðum sé það í sjálfvald sett hvernig fjármunum úr samkeppnisrekstri þeirra sé varið.

#### *Fjármunir úr samkeppnisrekstri – Eftirlit Orkustofnunar*

OR tiltók að árið 2006 hafi OR gert samkomulag við sveitarfélagið Ölfus í tengslum við víðtækar áætlanir fyrirtækisins um uppbyggingu jarðgufuvirkjana í Ölfusi. Það hafi m.a. falið í sér framlag í uppgæðslusjóðinn sem líkt og áður hafi komið fram hafi frá upphafi verið eign sveitarfélagsins þrátt fyrir að OR ætti fulltrúa í stjórn sjóðsins. Er á það bent að stjórn í slíkum sjóði starfi á grundvelli umboðs frá eiganda sjóðsins og að telja verði að fulltrúar í þeim leitist ávallt við að tryggja hagsmuni sjóðsins á grundvelli umboðsins, óháð því hverjir tilnefna þá í sjóðinn. Þeir séu sjálfstæðir og taki ekki við skipunum frá tilnefningaraðila.

OR bendir á að þann 31. janúar 2014, sama dag og GR undirritaði samning við Ölfus, hafi OR og SÖ jafnframt undirritað samning um lúkningu samkomulagsins frá 2006. Samningurinn hafi falið í sér yfirlýsingu um að aðilar hafi efnt skuldbindingar sínar um uppgæðslu í sveitarfélaginu og uppgæðslusjóðnum og umsýslu hans með samningnum afsalað til sveitarfélagsins, þ.m.t. full heimild til að endurskoða samþykktir sjóðsins. Þá hafi í frétt Ölfuss frá 5. febrúar 2014, komið fram að ákvörðun um ráðstöfun fjármuna sjóðsins væri tekin í samráði við OR en rétt væri að OR hafi verið ljóst að SÖ hefði í hyggju að nýta bróðurpart af höfuðstól sjóðsins upp í framlag sitt til ljósleiðaraverkefnisins. OR tiltekur í þessu sambandi að

fyrirtækið hafi hins vegar ekki ákvörðunarvald um ráðstöfun fjármunanna heldur Ölfus. Þótt vísað sé til samráðs sé ljóst að ákvörðunarvaldið sé hjá eiganda sjóðsins, þá sem áður. Ennfremur sé ljóst, þrátt fyrir að formleg ákvörðun um breytingu á samþykktum uppgræðslusjóðsins hafi ekki farið fram fyrr en síðar, að þann 31. janúar 2014 hafi OR afsalað sér sjóðnum með samningi. Það er hins vegar afstaða OR og GR að það eigi ekki að skipta máli við ákvörðun í máli þessu heldur hvaðan fjármunir sjóðsins komu upphaflega, þ.e. úr sérleyfisstarfsemi eða samkeppnisstarfsemi.

Þá er það ítrekað sem áður hefur komið fram í málatilbúnaði GR að framlag OR í uppgræðslusjóðinn hafi komið úr þeim hluta starfsemi OR sem tengdist rekstri virkjana enda hafi ákvörðunin verið tekin vegna uppbyggingar jarðgufuvirkjana í sveitarfélaginu. Þá sé það óumdeilt að sá þáttur starfsemi OR sé ekki rekinn í skjóli einkaleyfa eða sérleyfa heldur á samkeppnisgrundvelli frá opnun samkeppnismarkaðar með raforku á árinu 2003. Öðru máli gegni hins vegar um þann hluta í starfsemi OR sem sinni dreifingu raforku en hann sé rekinn á grundvelli sérleyfis og í þeim tilvikum sem dreifiveitur stundi samhliða aðra starfsemi en dreifingu raforku, t.d. samkeppnisrekstur, lúti hún ströngum skilyrðum raforkulaga nr. 65/2003. Vísar OR í því sambandi til 16. gr. laganna<sup>1</sup> sbr. lokamálslið málgreinarinnar en þar sé að finna sambærilegt ákvæði og 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga en þar er kveðið orðrétt á um eftirfarandi:

*„Óheimilt er dreifiveitu að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.“*

Bendir OR á að samkvæmt þessu leggi raforkulög hömlur á dreifingu raforku innan OR á þann máta að henni sé óheimilt að ráðstafa fjármunum úr þessum þáttum starfseminnar í samkeppnisrekstur innan OR. Þá tiltekur OR að það sé samkvæmt 24. gr. raforkulaga í höndum Orkustofnunar að sinna eftirliti með því að fyrirtæki sem starfi samkvæmt lögnum fari eftir þeim og það eigi við um OR í núverandi mynd sem og áður, þegar fjármunum var veitt í sjóðinn. Eftirlit Orkustofnunar sé reglulegt auk þess sem stofnunin feli endurskoðunarfyrtækjum að sinna úttektum á bókhaldi eftirlitsskyldra fyrirtækja. Umræddar úttektir lúti m.a. að því að kanna að niðurgreiðslur samkeppnisrekstrar eigi sér ekki stað í trássi við lögina sbr. t.a.m. áðurgreinda 16. gr. raforkulaga. OR tiltekur að á þeim tíma sem fjármunum hafi verið veitt í sjóðinn hafi Orkustofnun aldrei gert athugasemdir vegna þessarar ráðstöfunar fjármuna OR að þessu leyti og því megi álykta sem svo að það hafi verið afstaða bæði Orkustofnunar sem og endurskoðunarfyrtækja að *ekki væri verið að veita fé úr sérleyfisrekstri í þágu rekstrar samkeppnishluta OR*, þ.e. virkjana í þessu tilfalli og þar með síðar GR. Þetta taki m.a. til veitingu fjármuna í uppgræðslusjóðinn sem um ræði.

#### *Uppskipting OR og fulltrúi móðurfélags GR í uppgræðslusjóði*

OR vísar til þess að fyrirtækinu hafi frá og með 1. janúar 2014 verið skipt upp í samræmi við kröfur raforkulaga um fyrirtækjaaðskilnaða en við þá uppskiptingu hafi verið stofnuð þrjú dótturfélög. Þau eru Orka náttúrunnar (ON), Orkuveita Reykjavíkur – Veitur ohf. og Orkuveita Reykjavíkur – Vatns- og fráveita sf. Fyrstnefnda fyrirtækið reki virkjanir og selji raforku og starfi því á samkeppnisgrundvelli. Hin tvö síðarnefndu sinni starfsemi sem telst sérleyfisstarfsemi eða önnur sambærileg starfsemi. Í móðurfélaginu fari svo fram rekstur sem tengist m.a. rekstrar- og þjónustulegum þáttum samstæðunnar. Bendir OR á, þótt það telji það málinu óviðkomandi, að fulltrúi samstæðunnar í uppgræðslusjóði á þeim tíma sem samkomulag var gert milli OR og SÖ um að leggja niður sjóðinn, er og var á þeim tímapunkti starfsmaður

<sup>1</sup> Svo virðist sem ætlun OR hafi verið að vísa til 16. gr. raforkulaga í stað 13. gr. þeirra og er það leiðrétt í ákvörðuninni af hálfu PFS.

móðurfélagsins en ekki starfsmaður þeirra dótturfélaga sem sinni rekstri á grundvelli sérleyfa eða annarrar sambærilegrar starfsemi.

Þá áréttar OR það sem fram kom í erindi SÖ, dags. 6. júní 2014, um að sjóðurinn sjálfur hafi hvorki tekið ákvörðun um það að OR afsalaði sér þátttöku í sjóðnum né um ráðstöfun fjármuna sjóðsins þrátt fyrir að sveitastjórnin hafi lýst vilja sínum um með hvaða hætti þeim skyldi ráðstafað eftir að samþykktum sjóðsins yrði breytt. Fulltrúinn sem tilnefndur var af OR hafði því hvorki aðkomu að því með hvaða hætti framtíð sjóðsins yrði né því hvernig ráðstöfun fjármuna sjóðsins yrði háttáð. Þá tiltekur OR jafnframt að þegar hafi fram komið af hálfu SÖ að sjóðurinn hafi ekki tekið umrædda ákvörðun heldur sveitarfélagið sjálft. Þá megi einnig velta því upp hvort búið sé að ráðstafa sjóðnum á þessum tímapunkti og hvort sveitarfélagið sem gerði ráð fyrir þessum fjárútlátum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014, hafi í raun fært fjármunina úr sjóðnum eða annars staðar frá.

#### *Afstaða GR og OR*

OR telur ljóst með hliðsjón af framangreindu að það fyrirkomulag sem stofnunin vísi til í bréfi sínu dags. 25. nóvember 2014, brjóti að engu leyti í bága við 1. mgr. 36. gr. laganna. Þar skipti mestu máli að fjármunum var ekki veitt úr sérleyfisstarfsemi OR inn í uppgræðslusjóðinn. Þá er eftirlitsháttur Orkustofnunar áréttaður sem OR tiltekur að PFS geti ekki litið framhjá, sem hliðstæðs og sambærilegs stjórnvalds við eftirlit með sambærilegum þáttum og PFS sinni hvað áður nefnda 1. mgr. 36. gr. varðar.

#### 2.15

##### *Bréf Mílu til PFS*

Þann 26. janúar s.l., var Mílu sent afrit af bréfi OR og félaginu gefinn kostur á að tjá sig um innihald þess og koma með frekari athugasemdir og skýringar. Svarbréf frá Mílu barst PFS þann 25. febrúar s.l., þar sem var að finna athugasemdir félagsins.

#### *Bann við niðurgreiðslu á fjarskiptastarfsemi skv. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 81/2003*

Míla áréttaði í tilefni af sjónarmiðum gagnaðila að hvers kyns tilfærsla fjármuna frá OR til GR væri óheimil samkvæmt 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga óháð því úr hvaða starfsemi OR fjármunirnir stöfuðu. Benti Míla á að sú niðurstaða fá skýra stoð í orðalagi ákvæðisins:

„Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni *fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða*. Skal þess gætt að *samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi*.“ (áherslubr. Mílu)

Þannig mæli ákveðið fyrir um að fjarskiptastarfsemi á vegum OR (GR) skuli skilin frá „*annarri starfsemi*“ OR og að aðskilnaði skuli háttáð „*eins og um óskyld fyrirtæki að ræða*“. Með öðrum orðum þá skuli fjarskiptastarfsemi „*hólfuð af*“ og fjárhagsleg tengsl við hið verndaða fyrirtæki rofin með öllu. Tiltekur Míla að af þessu leiði að OR sé fortakslaust óheimilt að veita GR fjárhagsaðstoð hverju nafni sem hún nefnist, og það bann gildi jafnt um framlög úr samkeppnisstarfsemi, sérleyfisstarfsemi eða annarri starfsemi OR eða dótturfélaga ef því er að skipta. Þá sé þessi meginregla nánar útfærð í síðari málslíð ákvæðisins, en þar sé með berum orðum lagt bann við því að fjarskiptastarfsemi sé niðurgreidd af „*verndaðri starfsemi*“, þ.e. OR. Leikur enginn vafi að mati Mílu á því að OR falli undir „*verndaða starfsemi*“, m.a. í skjóli opinbers eignarhalds og lögbundinna ábyrgða eigenda á fjárskuldbindingum fyrirtækisins, og það taki til starfsemi OR í heild sinni. Þá fái sá skýringarkostur sem leiði af hljóðan 36. gr.

jafnframt stóð í markmiðum og forsögu ákvæðisins, svo og samræmisskýringum við 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sem byggð sé á sama grunni, sbr. og umfjöllun í bréfi Mílu dags. 22. maí 2014.

Bendir Míla á að á framangreindum skýringakosti virðist og byggt í fyrri ákvörðunum PFS vegna OR. Í því sambandi vísar Míla til ákvörðunar frá 13. nóvember 2006, þar sem OR hafi verið gert að „aðskilja fjarskiptastarfsemi sína fjárhagslega frá öðrum rekstri“, sbr. ákvörðunarorð (áherslubl. Mílu), og gera tilgreindar ráðstafanir í því sambandi, þ.m.t. var OR „óheimilt að setja aðrar eignir að veði fyrir lánum sem tekin verða vegna fjarskiptastarfsemi en þær sem tilheyra þeirri starfsemi“ (áherslubl. Mílu). Virðist OR raunar einnig hafa gengið út frá sömu túlkun á 1. mgr. 36. gr., en í fyrrnefndri ákvörðun er rakið að það sé „álit Orkuveitu Reykjavíkur að ekkert samhengi sé á milli fjárhagsskipunar Gagnaveitunnar og fyrirtækisins að öðru leyti, enda sé þess krafist að Gagnaveitan sé rekin eins og um óskyldan aðila sé að ræða“ (áherslubl. Mílu). Bendir Míla á að sjónarmið gagnaðila um að OR sé nú allt að einu frjálst að niðurgreiða fyrirhugaðar framkvæmdir GR við uppbyggingu á ljósleiðara með fé úr „samkeppnisstarfsemi“ fái því á engan hátt staðist.

#### *Um slit á uppgræðslusjóðs*

Míla áréttar að engu breyti um ólögsmæti áformaðrar ráðstöfunar í þágu GR þótt þau fjárframlög OR, sem um ræði, hafi í öndverðu meiði verið ætluð til landgræðsluverkefna hjá SÖ og bundin í títtnefndum uppgræðslusjóði. Telur Míla með hliðsjón af orðalagi og markmiðum 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga, sbr. og fyrri umfjöllun, það ekki geta skipt neinu máli um ólögsmæti niðurgreiðslunnar þótt tilfærsla fjármuna milli OR og GR eigi sér stað með þessum hætti. Tiltekur Míla að þvert á móti nægi það *eitt og sér* að viðkomandi fjármunir eigi rót að rekja til starfsemi OR til að það teljist vera um óheimila niðurgreiðslu að ræða.

Þá telur Míla það liggja ljóst fyrir að ráðstöfun uppgræðslusjóðsins hefði ekki getað átt sér stað nema fyrir atbeina og með samþykki OR. Bendir Míla á að umrædd fjárframlög OR til SÖ, samkvæmt samkomulagi OR og SÖ frá 28. apríl 2006, hafi þannig verið skilyrt og bundin við landgræðsluverkefni í sveitarfélaginu. Samkvæmt samþykktum uppgræðslusjóðsins, sem ekki varð breytt nema með samþykki allra stjórnarmanna (þ.m.t. stjórnarmanns OR), varð fjármunum ekki varið til annarra verkefna innan sveitarfélagsins. Þá áréttar Míla að OR hafi átt fulltrúa í stjórn sjóðsins alveg frá stofnun hans og þar til hann hafi verið lagður niður, svo sem samþykktir gerðu ráð fyrir, sbr. og bréf SÖ til PFS frá 6. júní 2014. Með vísan til framangreinds telur Míla því þá mótbáru um að OR hafi ekki haft ákvörðunarvald um ráðstöfun fjármunanna heldur SÖ, sbr. bréf dags. 27. nóvember 2014, ekki geta staðist á nokkurn hátt. Þá gildi einu þótt samþykktum sjóðsins hafi verið breytt þann 2. apríl 2008 og SÖ þar með falið aukið vald yfir málefnum hans, enda hafi öll stjórnin þurft sem endranær að samþykkja þá breytingu. Því hafi sjóðurinn alltaf verið á forræði SÖ og OR í sameiningu. Því til samræmis bendir Míla á að fram hafi komið í fréttatilkynningu SÖ dags. 5. febrúar 2014, að ákveðið hefði verið í samráði við OR að það fjármagn sem lægi í Uppgræðslusjóði Ölfuss yrði innleyst og lagt í umrætt verkefni. Hafnar Míla og síðbúnum skýringum SÖ þess efnis að sveitarstjórn hafi enn ekki bókað formlega ákvörðun um hvernig fénu verði ráðstafað, þ.á.m. sem fyrirslepti. Þá tiltekur Míla að af fyrrnefndri fréttatilkynningu megi þvert á móti ráða að ákveðið hefði verið að nýta féð með þessum hætti auk þess sem að því sé beinlínis slegið föstu að einhugur sé um það innan bæjarstjórnar að nýta það fjármagn sem sjóðnum tilheyri til slíks framfaraverkefnis sbr. bréf SÖ dags. 23. apríl 2014. Bendir Míla á að ekkert hafi fram komið síðan sem bendi til þess að SÖ hafi horfið frá fyrri fyrirhugaðri ráðstöfun fjárins. Þvert á móti þá hafi sveitarstjórn SÖ ákveðið á fundi þann 23. maí 2014 að leggja sjóðinn niður og þannig hafi fyrstu skrefin verið stigin í átt að þeirri ólögsmætu ráðstöfun sem kvörtun Mílu lúti að.



*Um viðskiptaskilmála, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 81/2003*

Míla vísar að því er varðar þennan þátt kvörtunarinnar til röksemda og sjónarmiða á fyrri stigum málsins. Þá áréttar Míla mótmæli við því sjónarmiði GR að umrædd „*Skuldbindandi yfirlýsing um notkun Ljósleiðarans*“ eigi, þvert á efni hennar, ekki að vera skuldbindandi fyrir notendur og brjóti því ekki gegn 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga. Bendir Míla á að það stangist á við orðalag yfirlýsingarinnar, m.a. að „*fyrirhugaður viðskiptavinur*“, sem yfirlýsinguna gefur, „*muni kaupa þjónustu um Ljósleiðarann í að lágmarki 24 mánuði*“ og hún nefnd „*[y]firlýsing ... um kaup á þjónustu*“ (áherslubr. Mílu). Tiltekur Míla að með því að samþykkja umrædda yfirlýsingu skuldbindi áskrifandi sig umfram sex mánaða hámark binditíma samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laganna sem brjóti gegn ákvæðinu.

## 2.16

### *Bréf GR til PFS*

GR var sent afrit af svarbréfi Mílu þann 26. febrúar s.l., auk þess sem félaginu var gefinn kostur á því að tjá sig um bréf Mílu og koma með athugasemdir og frekari skýringar. Með bréfi þann 20. mars s.l., bárust stofnuninni frekari athugasemdir af hálfu GR þar sem eftirfarandi kom fram:

*Bann við niðurgreiðslu skv. 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga*

GR bendir á að í 1. mgr. 36. gr. laganna sé fjallað um aðskilnað sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi en þar komi orðrétt fram:

„Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.“ (áherslubr. GR).

Bendir GR á að í erindi Mílu sé því borið við að *hvers kyns tilfærsla fjármuna* frá OR til GR sé óheimil samkvæmd framangreindu ákvæði og að slíkt verði leitt af orðalagi ákvæðisins. Mótmælir GR þessu enda sé það skýrt í ákvæðinu að talað er um að ekki megi nota fé úr einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi til að greiða niður samkeppnisrekstur. Bendir GR á að eins og upplýst hafi verið um í erindi OR og GR dags. 27. nóvember 2014, þá verði það ályktað að bæði Orkustofnun og endurskoðunarfyrirtæki hafi metið það sem svo að þegar fé var veitt í uppgræðslusjóð Ölfuss, *hafi ekki verið að veita fé úr sérleyfisrekstri í þágu rekstrar samkeppnishluta OR*, þ.e. virkjana í þessu tilviki og þar með síðar GR. Tiltekur GR að þetta taki m.a. til veitingu fjármuna í uppgræðslusjóðinn sem um ræði. Að mati GR liggur því fyrir að ekki hafi verið brotið gegn 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga en að öðru leyti vísar félagið til athugasemda OR og GR frá 27. nóvember 2014.

*Uppgræðslusjóður Ölfuss*

GR bendir á að því hafi ekki verið mótmælt af hálfu OR að fjármunirnir sem runnu inn í uppgræðslusjóð Ölfuss hafi komið frá OR. Hins vegar sé umdeilt hvaðan þeir fjármunir komu sbr. framangreint og fyrri erindi málsaðila. Áréttar GR að mikilvægt sé í þessu sambandi hvaðan úr starfsemi OR fjármunirnir komi, öfugt við það sem Míla haldi fram. Þannig hafi öll framlög verið skilyrt upphaflega en þegar OR hafi látið af þátttöku í sjóðnum hafi OR jafnframt hætt afskiptum af sjóðnum. Þá hafi Ölfuss með breyttum samþykktum heimildir til að taka ákvarðanir um breytingar á ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum. Bendir GR á að þó það hafi verið sveitarfélagsins að taka ákvörðun um það sé ljóst að fjármunirnir hafi ekki komið úr

einkaleyfisverndaðri starfsemi í upphafi og því geti það ekki skipt máli hvernig Ölfuss að endingu taki ákvörðun um ráðstöfun sjóðsins.

GR tiltekur að tilvísun til fréttatilkynningar Ölfuss, dags. 5. febrúar 2014 hafi ekki gildi enda sé um fréttatilkynningu sveitarfélagsins að ræða en ekki OR. Því sé um annan aðila að ræða en OR hafi ekki haft nokkur áhrif á framsetningu fréttarinnar auk þess sem hún endurspegli ekki endilega það með hvaða hætti ákvörðun hafi verið tekin um niðurlagningu sjóðsins af hálfu eiganda hans, SÖ, með vitneskju GR.

Að lokum áréttar GR með vísan til fyrri sjónarmiða og athugasemda að fyrir liggi að fjármunir sem veittir voru uppgræðslusjóðnum hafi ekki komið úr sérleyfisstarfsemi OR. Þá er eftirlitspáttur Orkustofnunar ítrekaður sem ekki sé hægt að víkjast undan því að líta til, enda sé um hliðstætt og sambærilegt stjórnvald að ræða og PFS sem hafi eftirlit með sambærilegum þáttum og PFS sinni varðandi 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga.

### III. Lagaumhverfi

Póst- og fjarskiptastofnun er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti nr. 81/2003 og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2009, um Póst- og fjarskiptastofnun. Samkvæmt 9. gr. sömu laga hefur stofnunin því hlutverki að gegna að leita sátta með aðilum ef deilur koma upp milli fyrirtækja sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu eða milli póstrekinda um skyldur sem leiðir af lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu eða skera úr um ágreining með ákvörðun eins fljótt og við verður komið ef samkomulag næst ekki.

#### 3.1

##### 36. gr. fjarskiptalaga

Með fjarskiptalögum nr. 143/1996 var í fyrsta sinn að finna ákvæði í íslenskri fjarskiptalöggjöf er varðaði fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptafyrirtækja. Var þar að finna heimild til handa samgönguráðherra að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald fjarskiptafyrirtækja, sundurgreiningu þess og fjárhagslegan aðskilnað milli einstakra rekstrarþátta fjarskiptaþjónustu annars vegar og fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptaþjónustu frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa hins vegar í reglugerð sbr. 5. mgr. 11. gr. þeirra laga. Með fjarskiptalögum nr. 107/1999, sem leystu fyrrgreind lög af hólmi, hafði slík reglugerð ekki enn tekið gildi en þó var að finna efnislega samhljóða ákvæði um heimild samgönguráðherra að setja slíka reglugerð sbr. 5. mgr. 29. gr. laganna. Þá var að auki mælt fyrir um skyldu fyrirtækja, sem fengið hefðu leyfi til að veita talsímaþjónustu og/eða til að reka fjarskiptanet, að verða við kröfu PFS um að halda fjárhag fjarskiptastarfseminnar aðskildum frá annarri starfsemi sem rekin væri á grundvelli einka- eða sérréttinda sbr. 31. gr. laganna. Það var svo með reglugerð nr. 960/2001, um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, sem nánari reglur um fjárhagslegan aðskilnað og ýmis úrræði PFS í því sambandi voru settar.

Þegar núgildandi fjarskiptalög voru sett var að finna ákveðnar formbreytingar hvað varðar umræddan fjárhagslegan aðskilnað en þar var nú kveðið á um ófrávíkjanlega lagaskyldu í stað heimildar PFS til að mæla fyrir um slíkan aðskilnað. Hljóðar gildandi ákvæði orðrétt svo:

*„Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda*

*fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarra starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.*

*Ákvæðið gildir án tillits til markaðsstyrks fyrirtækis.“*

Þá kom fram í athugasemdum við frumvarpið að fjarskiptafyrirtæki sem nytu einka- eða sérréttinda á öðrum sviðum en fjarskiptum skyldu halda fjarskiptastarfsemi sinni aðskilinni frá annarri starfsemi svo að útiloka mætti að tekjur af starfsemi sem nyti einkaréttar eða verndar yrðu notaðar til að styrkja fjarskiptastarfsemi fyrirtækisins og rýrði með því samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja. Var áréttað að ákvæði 36. gr. ætti við um öll fyrirtæki sem nytu einkaréttar eða verndar án tillits til markaðshlutdeildar þeirra og án tillits til þess hvort fjarskiptareksturinn færi fram innan hins verndaða fyrirtækis eða í fyrirtæki sem það hefði yfirráð yfir. Með öðrum orðum þá gildir ákvæðið m.a. um samskipti innan fyrirtækjasamstæðu sem að hluta stundar fjarskiptastarfsemi.

Í lögum nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun er mælt fyrir um að stofnunin skuli annast framkvæmd laga um fjarskipti, framfylgja lögnum og stuðla að því að markmið þeirra náist sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna auk þess sem kveðið er á um að markmið fjarskiptalaga sé að efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði sbr. 2. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga. Þá er það eitt af skilgreindum verkefnum stofnunarinnar að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003, m.a. með því að vinna gegn röskun eða takmörkun á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. sömu laga er það einnig hlutverk PFS að taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu og upplýsingatækni, m.a. með því að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum og hvetja til uppsetningar og þróunar slíkra neta. Við túlkun og beitingu 36. gr. fjarskiptalaga verður að hafa í huga þessi markmið laganna og hlutverk stofnunarinnar í því sambandi.

## 3.2

### 37. gr. fjarskiptalaga

Í 8. kafla fjarskiptalaga er kveðið á um skilmála og gjaldskrár en í 37. gr. þeirra er kveðið á um viðskiptaskilmála fjarskiptafyrirtækja. Í viðskiptaskilmálum skulu þjónustuveitendur fjarskiptaþjónustu mæla fyrir um helstu atriði sem viðskiptavinum þeirra er nauðsynlegt að hafa vitneskju um. Mælst er til þess að þjónustuveitendur geri skriflegan samning um fjarskiptaþjónustu við alla sína viðskiptavini, enda eiga neytendur rétt á að þjónustuveitendur geri við þá skriflegan samning þar sem helstu þættir viðskiptaskilmála sem gilda um hlutaðeigandi þjónustu eru tilgreindir, sbr. 1. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Hvort sem gerður er skriflegur samningur eður ei eiga neytendur þó ávallt að geta nálgast gildandi viðskiptaskilmála síns þjónustuveitanda á aðgengilegan hátt, enda hvílir sú skylda á fjarskiptafyrirtækjum að birta viðskiptaskilmála, þ.m.t. gjaldskrá, fyrir alla þjónustu sína á aðgengilegan hátt, sbr. 5. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga. Þá ber þjónustuveitendum að tilkynna viðskiptavinum sínum um allar breytingar á viðskiptaskilmálum fyrir þjónustu sína með a.m.k. mánaðar fyrirvara og um leið upplýsa þá um rétt sinn til að segja upp samningi (þjónustunni) að skaðlausu vilji þeir ekki samþykkja hina nýju skilmála, sbr. 3. mgr. 37. gr. Tilkynningar þessar verða að berast notendum fjarskiptaþjónustu með sannanlegum hætti a.m.k. mánuði áður en breytingar taka gildi, hvort sem er með skriflegum eða rafrænum hætti.

Í 2. mgr. 37. gr. laganna er svo kveðið á um hámarksbinditíma fjarskiptafyrirtækja gagnvart áskrifendum. Þar segir orðrétt:

„Óheimilt er í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði. Eftir þann tíma er áskrifanda heimilt að segja upp samningi með eins mánaðar fyrirvara. Ákveði áskrifandi að færa viðskipti sín til annars fjarskiptafyrirtækis skal vera tryggt að þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um þjónustuflutning.“

Af ofangreindu er ljóst að fjarskiptafyrirtæki hafa heimild til þess að binda viðskiptavinum sína með samningi í allt að sex mánuði en ákvæði þetta var lögfest með lögum nr. 39/2007, um breytingar á lögum um fjarskipti. Eftir lögfestingu þessa ákvæðis hefur 3. mgr. 37. gr. sérstöku hlutverki að gegna til mótvægis við hina 2. mgr. ákvæðisins um hámarksbinditíma en viðskiptavinir sem bundnir eru með samningi við fjarskiptafyrirtæki í ákveðinn tíma er nú tryggður sá réttur með 3. mgr. að segja upp samningi að skaðlausu ef þeir vilja ekki samþykka breytingar á skilmálum.

#### IV. Forsendur og niðurstaða

##### 4.1.

##### *Afmörkun máls*

Mál þetta lýtur að kvörtun Mílu vegna lagningar sveitarfélagsins Ölfuss og GR á ljósleiðara í sveitarfélaginu. Hefur komið fram af hálfu Mílu að félagið telji annars vegar að framangreint fyrirkomulag vegna fjármögnunar ljósleiðaralagningar brjóti gegn 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga og hins vegar að um brot sé að ræða gegn 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga. Mun PFS fjalla um álitamál þessi hér fyrir neðan með tilliti til gildandi lagaumhverfis og komast að niðurstöðu.

Þá liggur fyrir að mál þetta varðar ráðstöfun fjár af hálfu opinbers aðila til einkaréttarlegs aðila sem felur í sér tiltekna ívilnun, þ.e. SÖ leggur til fé til uppbyggingar á ljósleiðaraneti sem GR fær til umráða og eignar. Slíkur ríkisstuðningur (*e. State Aid*) þarf að uppfylla skilyrði c.-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsvald um hvort farið sé að lögum í þessum efnunum er á hinn bóginn á hendi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Þrátt fyrir að aðilar byggi ekki kröfur sínar á reglum EES-réttar um ríkisaðstoð, að þá hafa komið fram sjónarmið undir meðferð málsins, sem fremur varða lagumhverfi ríkisaðstoðar, t.d. að auglýst hafi verið eftir áhuga markaðsaðila um að ráðast í framkvæmdir við uppbygginu á ljósleiðara í sveitarfélaginu. Af þessum sökum telur PFS rétt að taka það sérstaklega fram að ákvörðun þessi tekur á engan hátt til úrlausnar hvort ráðstöfun sveitarfélagsins fái samrýmst skilyrðum c.-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Að sama skapi er mikilvægt að taka það fram að fjallað er um hugtakið „samkeppni“ í skilningi 1. mgr. 36. fjarskiptalaga, en inntak þess getur verið annað þegar metin er möguleg röskun á samkeppni út frá ríkisaðstoðarreglum.

##### 4.2

##### *Ráðstöfun fjár úr uppgræðslusjóði Ölfuss*

Til að leysa úr því máli sem hér er til úrlausnar þarf m.a. að taka afstöðu til tveggja forsendna, annars vegar hvort að fé úr UÖ hafi runnið til fjarskiptastarfsemi og hins vegar hvort að Orkuveita Reykjavíkur hafi átt hlut í þeirri ráðstöfun. Hið síðarnefnda atriði er nauðsynleg forsenda þess að 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga geti átt við enda tekur ákvæðið til ráðstafana sérleyfishafa en ekki til þriðju aðila, en þannig væri því háttáð ef ráðstöfunin hefði að öllu leyti verið á forræði UÖ.

Hvað varðar fyrra atriðið þá liggur fyrir frétt þess efnis, dags. 5. febrúar 2014, er birt var á heimasíðu SÖ, að ákveðið hefði verið að nota fé úr UÖ til að fjármagna ljósleiðaravæðingu

sveitarfélagsins. Hvergi er því mótmælt af hálfu SÖ að ráðstöfun fjármuna úr UÖ hafi runnið til uppbyggingar á fjarskiptaneti eins og fram kemur í fréttinni. Virðist málatilbúnaður SÖ fremur byggja á því að hvergi komi fram í samþykktum sjóðsins né í afgreiðslu á fjárframlagi til sveitarfélagsins að fjármagnið hafi átt að renna til uppbyggingar á ljósleiðaraneti sveitarfélagsins. Þannig heldur SÖ því fram að fjármuninum hafi verið ráðstafað til sveitarfélagsins með óskilyrtum hætti. Samkvæmt gögnum málsins er sú afstaða á hinn bóginn ekki í samræmi við skilning OR, samstarfsaðila sveitarfélagsins í stjórn UÖ, en í bréfi OR, dags. 27. nóvember 2014 segir um þetta: „Í frétt Ölfuss dags. 5. febrúar 2014, segir að ákvörðun um ráðstöfun fjármuna sjóðsins hafi verið tekin í samráði við OR. Rétt er að OR var ljóst á þessum tíma að sveitarfélagið hefði í hyggju að nýta bróðurpart af höfuðstól sjóðsins upp í framlag sitt til ljósleiðaraverkefnisins.“ [undirstrikun PFS].

Með tilliti til þess að framburður OR styður frétt sveitarfélagsins frá 5. febrúar 2014, sem hvorki hefur verið dregin tilbaka né vefngd af hálfu sveitarfélagsins, verður að leggja það til grundvallar að fé úr UÖ hafi farið til ljósleiðaraverkefnis sveitarfélagsins, sem telst til fjarskiptastarfsemi. Skiptir engu máli í þessu sambandi að ráðstöfun fjármuna úr UÖ hafi ekki formgerst fyrr en með breytingum á samþykktum sjóðsins þann 2. apríl 2014.

Að því er varðar síðarnefnda álitamálið, þ.e. að hvaða marki OR hafi átt þátt í ákvörðun sjóðsins um að ráðstafa fjármagni þess til framangreinds, að þá þarf að horfa til skipunar sjóðsins og ákvörðunarvalds innan sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá SÖ hefur sjóðurinn frá upphafi verið skipaður þremur stjórnarmönnum. Ef horft er til þeirrar samþykktar um UÖ, dags. 22. maí 2008, sem í gildi var þegar sveitarfélagið gerði samning við GR, þann 31. janúar 2014, um lúkningu samkomulags frá 28. apríl 2006, um ýmis málefni sem tengdust virkjun á Hellsisheiði, sbr. og frétt SÖ dags. 5. febrúar 2014 um fjármögnun ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins úr UÖ, skyldi skipan stjórnar sjóðsins vera með þeim hætti að SÖ skyldi skipa einn fulltrúa, er jafnframt væri formaður, OR skyldi skipa einn fulltrúa en að SÖ og OR skyldu koma sér saman um þann þriðja. Af þessu sést að OR hefur haft hönd í bagga með ákvörðunartöku um það að ráðstafa fé til ljósleiðarauppbyggingar á vegum dótturfyrirtækis síns GR. Tekur fulltrúi OR í stjórn UÖ, þ.e. Belinda Eir Engilbertsdóttir, síðan þátt í því að leggja niður sjóðinn með undirritun sinni á breytingum á samþykktum þann 2. apríl 2014. Af einhverjum sökum var í breytingum á samþykktum til niðurlagningar á sjóðinum jafnframt að finna breytingu á ákvæði samþykktanna um skipan sjóðsins þess efnis að allir stjórnarmenn skyldu skipaðir af sveitarfélaginu. Sú breyting getur að sjálfsögðu ekki gilt með afturvirkum hætti og virðist enga þýðingu hafa til framtíðar í ljósi þess að sjóðurinn hefur verið lagður niður.

Samkvæmt framangreindu voru valdahlutföll innan stjórnar sjóðsins með þeim hætti að OR hafði jafnan atkvæðarétt samanborið við SÖ, en ekkert kemur fram í samþykktum sjóðsins að formaður fari með aukinn atkvæðarétt eða fari með svonefnt oddaatkvæði. Er því óhjákvæmilegt annað en að líta svo á að OR hafi tekið beinan þátt í þeirri afgreiðslu að ráðstafa öllum höfuðstóli sjóðsins til uppbyggingar á ljósleiðaranetinu. Jafnframt tók GR þátt í þeirri ráðstöfun með því að undirrita samning við SÖ um ljósleiðaralagningu í sveitarfélaginu sem byggði á þeirri fjármögnun sem að framan greinir. Er því ekki hægt að fallast á sjónarmið þess efnis að ákvörðunartaka um framangreint hafi alfarið verið á ábyrgð og forræði sveitarfélagsins sbr. m.a. athugasemdir sem fram komu í bréfi OR dags. 27. nóvember 2014.

#### 4.3

##### *Valdmörk milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Orkustofnunar*

Í málatilbúnaði OR/GR er því haldið fram að fjárframlag OR á sínum tíma til UÖ hafi ekki falið í sér brot gegn síðasta málslið 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Ekki hafi verið gerðar

athugasemdir af hálfu Orkustofnunar né endurskoðenda um að sú ráðstöfun bryti í bága við umrætt ákvæði. Að áliti OR/GR falli það undir verkssvið Orkustofnunar að hafa eftirlit með því að fé úr einkaréttarhluta félagsins fari ekki í niðurgreiðslu á samkeppnisrekstri.

PFS getur út af fyrir sig fallist á sjónarmið OR/GR um að það sé á verkssviði Orkustofnunar að hafa almennt eftirlit með því að fé úr einkaréttarhluta sé ekki ráðstafað til niðurgreiðslu á samkeppnisrekstri á öðrum sviðum. Hér að framan hefur því verið slegið föstu að fé úr UÖ, sem upphaflega má rekja til fjárframlags OR, rann til fjármögnunar á sviði fjarskipta. Sérstök regla gildir um niðurgreiðslu einkaréttar til samkeppnisstarfsemi í fjarskiptum, en um er að ræða 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga. Hér er því um að ræða sérreglu, sem gildir um fjarskipti, og gengur hún frammar hinu almenna ákvæði raforkulaga, um fjárhagsleg skil á milli einkaréttar og samkeppnisrekstrar. Það er því á valdsviði PFS að skera úr um hvort framlag OR í gegnum UÖ feli í sér ólögmeta niðurgreiðslu á samkeppnisrekstri í fjarskiptum.

#### 4.4

##### *Um uppruna fjárframlags til uppgræðslusjóðs Ölfuss*

Áður en lengra er haldið telur PFS mikilvægt að fjalla um uppruna þess fjármagns er ágreiningur þessi lýtur að meginstefnu að, inn í uppgræðslusjóð Ölfuss. Af gögnum málsins má ráða að óumdeilt er að upphaf sjóðsins má rekja til samkomulags sem gert var á milli OR og sveitarfélagsins í tengslum við framkvæmdir OR á Hellisheiði. Fólst í viðkomandi samkomulagi við OR að farið yrði í ýmis landgræðsluverkefni innan sveitarfélagsins og að OR myndi greiða 12,5 milljónir kr. á ári í sex ár til verkefnisins, eða því sem nemur 75 milljónum kr. í heild. Var sjóðurinn því stofnaður í tengslum við framangreint með það að markmiði að m.a. efla uppgræðslu innan sveitarfélagsins í kjölfarið á viðkomandi virkjunarframkvæmdum.

Ljóst er að mati PFS að Orkuveita Reykjavíkur stundar starfsemi sem nýtur einkaréttar. Nýtur fyrirtækið einkaréttar til reksturs dreifikerfis fyrir rafmagn á veitusvæði sínu í samræmi við IV. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Auk þessa nýtur Orkuveita Reykjavíkur einkaréttar til dreifingar og sölu á heitu vatni á markaðssvæði sínu samkvæmt 30. gr. orkulaga nr. 58/1967 og einkaréttar til reksturs vatnsveitu, sbr. 4. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitafélaga. Samkvæmt framangreindu er því ótvírætt að 36. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 tekur til Orkuveitu Reykjavíkur og m.t.t. þessa var fyrirtækinu gert að skilja fjarskiptastarfsemi sína fjárhagslega frá einkaleyfisverndaðri starfsemi sinni, sbr. ákvörðun PFS frá árinu 2006, um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Líkt og áður hefur komið fram þá kveður 1. mgr. 36. gr. laganna á um skyldu til fjárhagslegs aðskilnaðar, hvort sem fjarskiptareksturinn fer fram innan hins verndaða fyrirtækis eða í fyrirtæki sem hið verndaða fyrirtæki hefur yferráð yfir. Með öðrum orðum gildir ákvæðið m.a. um samskipti innan fyrirtækjasamstæðu sem að hluta stundar fjarskiptastarfsemi og gildir án tillits til markaðsstyrks fyrirtækis, sbr. 2. mgr. 36. gr. laganna. Að mati PFS kemur ákvæðið þó ekki í veg fyrir það að sérleyfishafi leggi fé til fjarskiptastarfssemi enda markmið ákvæðisins ekki það að leggja bann við slíkum fjárframlögum. Er tilgangur þess fremur sá að tryggja að komið sé á fjárhagslegum aðskilnaði fjarskiptastarfsemi frá hinni vernduðu starfsemi og að ekki sé um að ræða ólögmeta niðurgreiðslu frá hinni vernduðu starfsemi til fjarskiptastarfseminnar. Ef svo væri mætti sérleyfishafi aldrei stofna til fjarskiptastarfsemi, en það er augljóslega ekki tilgangur umræddrar lagagreinar.

Með tilliti til framangreinds þarf því að horfa til tilfærslu þeirra fjármuna sem hér um ræðir, frá Orkuveitunni í uppgræðslusjóð SÖ, skipuð stjórn með fulltrúa OR, sem að lokum endar hjá GR,

dótturfélagi OR, með samningi þar um. Þá verður einnig að horfa til þess í þessu sambandi að samkvæmt samningi milli SÖ og GR er eignarhald ljósleiðaranetsins í höndum GR.

Í gögnum málsins hefur ítrekað komið fram það sjónarmið af hálfu OR og GR að virkjunarhluti starfsemi OR sé ekki starfsemi sem njóti einkaréttar heldur sé á sviði samkeppnisrekstrar og því séu engar hömlur á því hvernig fjármunum úr þeim þætti samstæðunnar sé varið. Af þeim sökum geti 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga ekki átt við.

Óumdeilt er að GR rekur fjarskiptanet og veitir fjarskiptaþjónustu en GR er dótturfélag (100% eignarhlutur) OR sem er fyrirtækjasamstæða sem nýtur sérréttinda í skilningi 36. gr. fjarskiptalaga. Þá er gert samstæðuuppgjör fyrir OR og dótturfélög þess, þ.m.t. GR. Það að Gagnaveitan, sem og önnur svið OR, s.s. OR-Veitur ohf. og Orka Náttúrunnar ohf., teljist dótturfélög OR í skilningi félagaréttar kemur eitt og sér ekki í veg fyrir að 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga verði talin eiga við. Er það mat PFS, í tengslum við 1. mgr. 36. gr. laganna, að þrátt fyrir framangreinda þróun OR á innra skipulagi samstæðunnar að þá skipti það ekki máli úr hvaða hluta skipuritsins hin eiginlega millifærsla fjármagns kemur og þar af leiðandi hvort sá hluti samstæðunnar starfi í skjóli sérleyfisstarfsemi, á grundvelli samkeppni eða ekki. Öll dótturfélögin, hvort sem er innan eða utan einkaréttar, njóta góðs af því að vera innan samstæðu OR sem er í opinberri eigu, en í krafti eignarhaldsins og stærðar samstæðunnar gefst kostur á hagstæðari kjörum sem öll félögin njóta sameiginlega góðs af. Einmitt af þessum sökum gera fjarskiptalög ráð fyrir því að fjarskiptastarfsemi sé fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi veitufyrirtækja sem starfa á grundvelli sérleyfis.

Ráðstafanir sem varða aðgreiningu sérleyfisstarfsemi frá samkeppnisrekstri samstæðunnar, aðrar en fjarskiptastarfsemi, geta ekki skert eftirlitsheimildir PFS með almennri fjarskiptastarfsemi en það er hlutverk PFS hverju sinni að meta þörfina fyrir íhlutun og hversu langt hún skuli ganga hverju sinni. Að mati PFS er það ótækt af hálfu OR samstæðunnar að benda á að hluti annarrar starfsemi innan samstæðunnar sé í samkeppni og þar með sé heimilt með frjálsum hætti að ráðstafa að vild þeim fjármunum til niðurgreiðslu á fjarskiptastarfsemi og í raun þar með sniðganga 36. gr. fjarskiptalaga. Uppbygging og fjármögnun samkeppnisrekstrar OR á raforkusviði grundvallaðist m.a. á þeim fjárhagslega grunni sem sérleyfisstarfsemi félagsins, m.a. á sviði hitaveitu, hefur byggt upp á undanförunum áratugum. Eftirlit PFS lýtur að fjarskiptarekstrinum og að aðskilnaði hans frá öðrum rekstri samstæðunnar, sbr. 36. gr. fjarskiptalaga. Það er því ekki hlutverk PFS að rekja með beinum hætti uppruna fjármagns innan samstæðunnar frá annarri starfsemi heldur dugar að féð komi frá samstæðunni eða öðru dótturfélagi innan hennar. Þær ráðstafanir sem kann að vera mælt fyrir um í raforkulögum og eftir atvikum frumvarpi til laga um OR hafa ekki áhrif á umrætt eftirlitshlutverk PFS með fjarskiptarekstri auk þess sem heimild PFS til þess að beita ákvæði 36. gr. fjarskiptalaga fellur ekki niður þótt sérleyfisstarfsemi samstæðunnar hafi verið gerð að sjálfstæðum lög- og skattaðila þann 1. janúar 2014. Enda er eftir sem áður um fyrirtækjasamstæðu að ræða. Að mati PFS er grundvallaratriðið hér það að samstæða OR nýtur umtalverðra sérréttinda í starfsemi sinni og því fellur fjarskiptastarfsemi samstæðunnar undir eftirlit PFS skv. 36. gr., enda er fjárhagslegur aðskilnaður GR frá samstæðunni ætlað að koma í veg fyrir möguleika á niðurgreiðslu fjarskiptarekstrar.

Burtséð frá framangreindu þá er það ennfremur álit PFS að sú fullyrðing OR og GR um að Hellisheiðavirkjun falli innan samkeppnishluta samstæðunnar eigi ekki við rök að styðjast. Hellisheiðavirkjun er blönduð jarðvarmavirkjun sem framleiðir bæði heitt vatn og raforku en samkvæmt ákvæði 30. gr. orkulaga nýtur fyrirtækið einkaréttar til dreifingar og sölu á heitu vatni á markaðssvæði sínu. Nú hefur PFS ekki upplýsingar um það hversu stór hluti

hitaveituf framkvæmdarinnar nemur af heildar framkvæmd Hellisheiðavirkjunar, en ljóst má þó vera að mati PFS að sú prósentutala vegi umtalsvert í heildarkostnaðinum. Þá sýna gögn félagsins fram á framangreint, en þegar horft er til ársreikninga OR fyrir árin 2012-2014, nánar tiltekið greiningu á rekstri jarðvarmaorkuvera, kemur glögglega fram að hluti reksturs Hellisheiðavirkjunar fellur undir einkaleyfisstarfsemi sbr. skiptingu á tekjum og gjöldum í ársreikningi félagsins.<sup>2</sup> Með hliðsjón af framangreindu fellst PFS ekki á það sjónarmið OR/GR um að Hellisheiðavirkjun geti eingöngu talist til samkeppnishluta í starfsemi OR.

#### 4.5

##### *Niðurgreiðsla samkeppnisreksturs*

Hér að ofan hefur því þegar verið slegið föstu af hálfu PFS að uppruna fjármagns UÖ sem rekja má til virkjunar framkvæmda OR á Hellisheiðinni verði ekki talin falla eingöngu undir samkeppnishluta samstæðunnar heldur að hluta til undir það svið er fellur undir einkaleyfisstarfsemi OR. Hefur PFS ennfremur komist að þeirri niðurstöðu að það sé óhjákvæmilegt annað en að líta svo á að OR hafi tekið beinan þátt í þeirri afgreiðslu að ráðstafa öllum höfuðstóli sjóðsins til uppbyggingar á ljósleiðaranetinu m.t.t. þess að OR átti fulltrúa í stjórn UÖ sem ganga má út frá að hafi haft jafnan atkvæðarétt samanborið við fulltrúa skipaða af SÖ. Hér þarf því að taka afstöðu til þess hvort að umrætt fé sem kom úr einkaréttarhluta félagsins hafi farið í niðurgreiðslu á samkeppnisrekstri.

Með afnámi einkaréttar í fjarskiptum í ársbyrjun 1998 voru skapaðar aðstæður fyrir samkeppni í fjarskiptum hérlendis. Fjarskiptamarkaðurinn er því frjáls markaður í dag og í samkeppni. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun ber PFS að annast framkvæmd fjarskiptalaga og stuðla að því að markmið þeirra náist. Þá segir í 2. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga að markmið þeirra sé að efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Er það eitt af skilgreindum verkefnum stofnunarinnar að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu, sbr. 2. tölulíð 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003, m.a. með því að vinna gegn röskun eða takmörkun á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Við túlkun og beitingu 36. gr. fjarskiptalaga verður að hafa í huga framangreind markmið laganna og hlutverk stofnunarinnar í því sambandi en segja má að inntak 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga sé framangreindu markmiði til fyllingar en ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi og skekki þannig samkeppni á markaði.

Lykilstarfsemi Gagnaveitu Reykjavíkur felst í því að bjóða heimilum og fyrirtækjum aðgengi að gagnaflytningakerfum sínum. Starfsemi og rekstur GR er því sambærileg þeirri starfsemi og þeim rekstri sem fyrirtækin Míla og Tengir á Akureyri sinna, en öll fyrirtækin byggja upp svokölluð aðgangsnét á landsbyggðinni og sinna hlutverki á heildsölumarkaði gagnvart þriðja aðila með því að veita þjónustuveitendum aðgang kerfum sínum. Staðbundnir rekstraraðilar aðgangsneta eru því starfandi á fjarskiptamarkaði í beinni samkeppni við Mílu innan síns þjónustusvæðis. Ljóst þykir að mati PFS þegar horft er til þess sem að framan greinir, þ.e. uppruna fjármagns frá OR til UÖ, skipun stjórnar sjóðsins, ráðstöfun fjárins úr sjóðnum til GR og loks samnings SÖ og GR þar sem kveðið er m.a. á um eignarhald GR að ljósleiðaranetinu, geti hvorki talist í samræmi við meginmarkmið fjarskiptalaga um að tryggja jafna samkeppnisstöðu markaðsaðila eða inntak 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga um að koma í veg fyrir að samkeppnisstarfsemi sé niðurgreidd af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi einkaleyfis. Lítur PFS slíkt háttarlag alvarlegum augum enda til þess fallið að skekkja samkeppni og draga úr þeirri samkeppnislegu uppbyggingu sem átt hefur sér stað á íslenskum fjarskiptamarkaði frá afnámi einkaréttarins.

---

<sup>2</sup> Sjá nánar í viðauka nr. 1.



#### 4.6.

##### *Um brot á reglu um binditíma*

Hér að framan hefur þegar verið gerð grein fyrir innihaldi 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga um sex mánaða hámarksbinditíma samnings fjarskiptafyrirtækja við áskrifendur. Af orðalagi ákvæðisins er ljóst að það er óundanþægt. Það sem þarf hins vegar að líta til í þessu sambandi og taka afstöðu til er hvort að umræddur samningur GR við íbúa sveitarfélagsins Ölfuss telst fela í sér áskrift að fjarskiptaþjónustu félagsins í skilningi ákvæðisins.

Fram hefur komið af hálfu GR að þátttaka heimila innan sveitarfélagsins sé með þeim hætti að þau skuldbindi sig til greiðslu hluta framkvæmdakostnaðar með því að taka ljósleiðarann í notkun. Umræddar greiðslur muni því eiga sér stað óháð notkun, en muni hins vegar ganga upp í notkunargjöld komi til notkunar ljósleiðarans. Því sé ekki um samning að ræða í skilningi 37. gr. laganna heldur yfirlýsingu í ljósi þess að eiginlegt samningssamband milli GR og viðskiptavina komist í raun ekki á fyrr en viðkomandi viðskiptavinur kaupir þjónustu frá þjónustuveitu í gegnum ljósleiðarann. Við það tímamark komist á eiginlegur samningur við GR og viðkomandi viðskiptavinur sé upplýstur um að hann hafi gengið til samninga við annars vegar þjónustuveitu og hins vegar GR. Þá sé viðkomandi jafnframt upplýstur um að skilmálar þjónustuveitu gildi um þá þjónustu er hún veiti um ljósleiðarann en að skilmálar GR gildi um notkun á ljósleiðaranum, þ.m.t. skilmálar GR að því er varðar uppsögn.

Þegar horft er til þessara skýringa GR má í raun líkja framangreindu fyrirkomulagi GR við það sem tíðkast á farsímamarkaði en þar gefst viðskiptavinum þjónustuveitanda oftast en ekki kostur á því að kaupa sér farsíma hjá viðkomandi þjónustuveitanda með greiðsludreifingu allt upp í 24 mánuði. Þrátt fyrir framangreinda skuldbindingu notanda um greiðslur næstu tvö árin vegna farsímakaupanna þá er þó ekkert sem stendur í vegi fyrir því að viðkomandi segi upp áskrift sinni hjá hinum sama þjónustuveitanda og færi sig til annars þjónustuveitanda líkt og ákvæðið gerir ráð fyrir. Viðkomandi þarf þó að standa skil á umsaminni greiðsludreifingu vegna farsímakaupanna. Hefur PFS almennt ekki athugasemdir fram að færa vegna slíks fyrirkomulags að því gefnu að gætt sé að hámarksbinditíma sem og að þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig.

Að mati PFS er þó ekki nægjanlegt að horfa eingöngu til framangreindra skýringa GR heldur verður aukinheldur að horfa til hinnar skuldbindandi yfirlýsingar GR sem íbúar SÖ undirrituðu. Þar segir orðrétt:

*„Undirritaður/undirrituð staðfestir með undirritun þessa yfirlýsingar að ég muni kaupa fjarskiptaþjónustu um Ljósleiðarann, gagnaflytningakerfi [...] GR. **Í þessu felst að ég muni kaupa þjónustu um Ljósleiðarann í að lágmarki 24 mánuði frá og með næsta mánuði eftir að GR upplýsir mig að þjónusta um Ljósleiðarann sé í boði.** [...] Ef ég hef ekki staðfest kaup á þjónustu um Ljósleiðarann fyrir lok næsta mánaðar eftir að mér hefur verið tilkynnt að þjónustan sé í boði skuldbind ég mig engu að síður til að greiða GR mánaðarlegt aðgangsgjald Ljósleiðarans frá og með þeim mánuði í 24 mánuði.“*

Þegar horft er til framangreinds orðalags fær PFS ekki séð að sjónarmið GR um að ekki sé um eiginlegan samning að ræða heldur skuldbindandi yfirlýsingu eigi við rök að styðjast. Skýrist sú afstaða PFS m.a. á hinu skýra orðalagi um að með undirritun felist skuldbinding þess efnis að kaupa þjónustu um ljósleiðarann í að lágmarki 24 mánuði. Í því felst hindrun gagnvart notendum varðandi það að kaupa tengingu af samkeppnisaðilum GR, en augljóst er að almennt kaupir notendur ekki aðgang að tveimur heimtaugum. Viðkomandi hefur því bundist viðskiptasamningi við félagið til næstu tveggja ára. Hefur vissulega komið fram af hálfu GR að

yfirlýsingin hafi e.t.v. ekki verið eins skýr og best yrði á kosið m.t.t. þess að um skuldbindingu á kostnaðarþátttöku hafi verið að ræða en að íbúar hafi verið upplýstir um á íbúafundi hvað fælist í yfirlýsingunni. Að mati PFS geta eftirá skýringar GR um óskýrleika eða tilvísanir félagsins til skilmála GR um uppsagnir ekki komið til skoðunar í þessum efnum enda ákvæði fjarskiptalaga ótvírætt og óundanþægt. Verður GR því að bera hallan af slíkum vanhöldum félagsins.

Þá telur stofnunin að sjónarmið GR, um að ekki sé um fjarskiptaþjónustu að ræða í skilningi 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga þar sem eiginleg áskriftarþjónusta sé ekki til staðar, ekki á réttum grunni reist. Skýrist þessi afstaða stofnunarinnar m.a. á því að fjarskiptanet er grunnforsenda þess að hægt sé að veita eiginlega fjarskiptaþjónustu en fjarskiptaþjónusta telst samkvæmt lögnum sú þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur. Fjarskiptanet, eða ljósleiðarinn í þessu sambandi er þannig órjúfanlegur þáttur þess að GR sé kleift að sinna sinni starfsemi en það hlýtur að vera markmið félagsins með lagningu strengsins að fá umrædda aðila í þjónustu hjá félaginu sem og þjónustuveitendur á smásölumarkaði.

Þá hafnar PFS þeim sjónarmiðum SÖ um að það væri þversagnakennt að lögnum yrði beitt til að koma í veg fyrir bætt fjarskipti á svæðinu og eflingu virkrar samkeppni meðal þjónustuveitna líkt og markmið þeirra kveða á um sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra. PFS hefur vissulega fullan skilning á því að um er að ræða dreifbýlt svæði með takmarkað framboð á háhraðafjarskiptaþjónustu þar sem markaðsforsendur hafa ekki dugað til uppbyggingar háhraðanets á svæðinu. Fagnar PFS því að slík uppbygging skuli eiga sér stað enda PFS verulega umhugað um slíkar framkvæmdir á landsbyggðinni. Er slíkt ennfremur í samræmi við það markmið laganna um að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti í landinu sbr. 2. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga og markmið fjarskiptaáætlunar um aðgengileg og greið fjarskipti ásamt uppbyggingu og endurnýjun ljósleiðarastofnnetsins innan lands. Mikilvægi verkefnisins breytir þó ekki þeirri staðreynd að fara þarf eftir ákvæðum laga. Þannig hefði að mati stofnunarinnar vel verið hægt að háttta fyrirkomulagi yfirlýsingarinnar með öðrum hætti og í samræmi við fyrrnefnt ákvæði 37. gr. laganna, án þess þó að slíkt kæmi í veg fyrir uppbyggingu háhraðanets og eflingu samkeppni á svæðinu.

#### 4.7

##### *Niðurstaða PFS*

Með hliðsjón af því sem fjallað hefur verið um hér að framan er það niðurstaða PFS að það fyrirkomulag, um að nýta fjármagn frá OR, í uppgræðslusjóði Ölfuss til byggingar á ljósleiðaratengingum í sveitarfélaginu, í samvinnu við GR samkvæmt samningi þar um, hafi brotið gegn 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga.

Í ljósi þessarar óheimilu ráðstöfunar á millifærslu fjármuna mun GR þurfa að grípa til einhverra ráðstafana er varða endurgreiðslu fjármagns. Slík ráðstöfun gæti t.d. falist í því að GR endurgreiði SÖ þá fjárhæð sem lögð var til verkefnisins úr UÖ eða jafnvel að sveitarfélagið eignist hlut í umræddu neti í samræmi við þá fjárhæð sem lögð var til verkefnisins, þar sem gerð væri ávöxtunarkrafa á það fjármagn á markaðsforsendum. Útfærsla á fyrirkomulagi endurgreiðslu er þó ekki á forræði PFS, án frekari málsmeðferðar, heldur gefst GR tækifæri til að útfæra fyrirkomulag endurgreiðslu.

Þá er það niðurstaða PFS að orðalag hinnar skuldbindandi yfirlýsingar GR til íbúa sveitarfélagsins Ölfuss, sem kvað á um skuldbindingu íbúa á kaupum á þjónustu um

ljósleiðarann til tveggja ára, hafi brotið gegn 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga, um hámarksbinditíma samninga.

### *Ákvörðunarorð*

**Þátttaka Orkuveitu Reykjavíkur og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. í fjármögnun ljósleiðarauppbyggingar á vegum sveitarfélagsins Ölfuss braut gegn 1. mgr. 36. gr. fjarskiptalaga, um aðskilnað sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi.**

Gagnaveita Reykjavíkur ehf. braut gegn 2. mgr. 37. gr. fjarskiptalaga, með því að kveða á um skuldbindingu íbúa á kaupum á þjónustu um ljósleiðarann til tveggja ára í skuldbindandi yfirlýsingu sinni til íbúa sveitarfélagsins Ölfuss. Ber félaginu að haga umræddum samningi við íbúa í samræmi við lög þar um en hámarksbinditími þjónustuáskriftar fjarskiptafyrirtækja við notendur samkvæmt fjarskiptalögum eru sex mánuðir.

Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Sem neytanda ber kvartanda þó ekki að greiða umrætt málsskotsgjald.

Reykjavík, 2. júní 2015

---

F.h. forstjóra  
Björn Geirsson

---

Guðmunda Áslaug Geirsdóttir